

## Fylgiskjal I.

### Gildandi lög með breytingum samkvæmt frumvarpinu.<sup>1</sup>

Lög um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992.....	1
Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.....	1
Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.....	4
Lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.....	5
Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 .....	6
Lög um skortsölu og skuldatryggingar, nr. 55/2017 .....	40
Lög um váttryggingasamstæður, nr. 60/2017 .....	41
Lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017 .....	41
Lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018 .....	42
Lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020 .....	43
Lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020.....	46
Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021 .....	48
Lög um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021 .....	49
Lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021 .....	49
Lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021 .....	50
Lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. 25/2023 .....	51

#### BREYTING, VERÐI FRUMVARPIÐ AÐ LÖGUM

#### SKÝRINGAR

##### [Lög um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. 55/1992](#)

##### ■ 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. ~~4011~~ 11. gr., en ráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

Í 2. gr. laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, nr. [55/1992](#), er [vísað til](#) váttryggingafélaga sem innheimta iðgjöld skv. 3. mgr. 10. gr. laganna. Greinin á með réttu að vísa til 3. mgr. 11. gr. laganna. Lagt er til að tilvísunin verði leiðrétt.

##### [Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997](#)

##### ■ II.

~~Á árinu 2001 skal fjármálaráðherra láta gera skýrslu um þróun lífeyrismála í framhaldi af samþykkt laga~~

Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða II, IV, VI, VII, IX, XIII, XIV og XVIII–XX í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi

<sup>1</sup> Fylgiskjalið er aðeins til upplýsingar. Ef munur er á fylgiskjalinu og frumvarpinu gildir frumvarpið.

þessara. Sérstaklega skal fjalla um hvernig lífeyrissjóðir hafa breytt samþykktum sínum og boðið sjóðfélögum upp á fleiri valmöguleika í samsetningu lífeyrisréttinda sinna, sbr. 4. gr., enda er það eitt af markmiðum laga þessara að auka valmöguleika sjóðfélaganna. Komi í ljós að lífeyrissjóðir hafi almennt ekki boðið upp á valmöguleika með hliðsjón af lágmarkum skv. 4. gr. skal fjármálaráðherra láta, í samráði við hagsmunaaðila, undirbúa frumvarp um breytingu á lögum þessum þannig að þetta markmið þeirra náist.

lífeyrissjóða, nr. [129/1997](#), falli brott. Ákvæðin hafa öll lokið hlutverki sínu.

#### ■ IV.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 6. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að eiga eða binda hærra hlutfall af hreinni eign sinni í innlánum og verðbréfum en þar er kveðið á um fram til 1. janúar 2006.

-"

#### ■ VI.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 39. gr. skal lífeyrissjóði vera heimilt að hafa allt að 15% mun á milli eignarliða og framtíðarskuldbindinga vegna lífeyris miðað við tryggingafræðilega athugun fyrir árið 2011 og allt að 13% mun fyrir árin 2012, 2013 og 2014, án þess að honum sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 39. gr. um að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda á ekki við um tryggingafræðilega athugun fyrir árin 2011, 2012, 2013 og 2014.

-"

Þegar metið er hvort lífeyrissjóður falli undir 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. skal miða við 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga árin 2008, 2009, 2010, 2011, 2012, 2013 og 2014.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. og með vísan til 2. mgr. þessa ákvæðis er lífeyrissjóði heimilt að hafa meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samfellt í allt að sjö ár frá og með árinu 2008.

#### ■ VII.

Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutfé í samlagshlutfélögum. Nýjar fjárfestingar eða nýjar skuldbindingar í slíkum félögum, umfram mörk skv. 4. málsl. 5. mgr. 36. gr., eru ekki heimilar eftir 31. desember 2015.

-"

#### ■ IX.

Á tímabilinu 1. apríl 2020 til 1. janúar 2022 er vörsluaðila séreignarsparnaðar heimilt að fresta útgreiðslum séreignarsparnaðar að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessu ákvæði.

-"

Frestun skv. 1. mgr. skal vera almenn og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og

<p>hagsmunir réttihafa séreignarsparnaðar krefjist þess. Frestun á útgreiðslum skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og er háð samþykki þess, sbr. 44. gr. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.</p> <p><input type="checkbox"/> Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útgreiðslum séreignarsparnaðar verði frestað krefjist hagsmunir réttihafa sparnaðarins eða almennings þess.</p>	
<p>■ XIII.</p> <p><input type="checkbox"/> Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 2. mgr. 31. gr. er stjórnarmönnum í lífeyrissjóðum heimilt að eiga sæti í stjórn annars lífeyrissjóðs til 1. júlí 2012.</p>	-"
<p>■ XIV.</p> <p><input type="checkbox"/> Við álagningu opinberra gjalda 2012 skulu aðilar sem falla undir 6. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum, greiða sérstakt gjald í ríkissjóð sem nemur 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris, sbr. 39. gr., eins og hún er í lok næstliðins árs. Gjald dagi er 1. nóvember 2012 og eindagi 15 dögum síðar. Greiða skal fyrir fram upp í álagt gjald hinn 31. desember 2011 og miðast sú greiðsla við hreina eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 2010 og það skatthlutfall sem kveðið er á um í ákvæði þessu. Um álagningu og innheimtu fer samkvæmt ákvæðum X. — XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eftir því sem við á.</p>	-"
<p>■ XVIII.</p> <p><input type="checkbox"/> Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. skal iðgjald launagreiðenda til lífeyrissjóða á opinberum vinnumarkaði vera 11,5% vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og 12% vegna A-deildar Brúar lífeyrissjóðs fram til 1. júní 2017 og 11,5% frá 1. júní 2017 þar til um annað hefur verið samið í kjarasamningi.</p> <p><input type="checkbox"/> Stjórn Brúar lífeyrissjóðs skal fyrir 1. júní 2017 aðlaga samþykktir A-deildar sjóðsins með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal hvað lífeyristökualdur, aldurstengda réttindaávinnslu, lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði varðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX — XIV í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.</p>	-"
<p>■ XIX.</p> <p><input type="checkbox"/> Eigi lífeyrissjóður eða vörsluaðili séreignarsparnaðar eignir umfram þau takmörk sem sett eru í 36. gr. b, 36. gr. c og 36. gr. d er honum heimilt að eiga þær áfram en hann skal leitast við að uppfylla ákvæði laganna eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 31. desember 2020. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu sjóðfélaga.</p>	-"
<p>■ XX.</p> <p><input type="checkbox"/> Þrátt fyrir ákvæði samþykktu lífeyrissjóða um</p>	-"

vanskilavexti er stjórn lífeyrissjóðs heimilt að setja reglur um innheimtu vanskilavaxta sem eru lægri en dráttarvextir skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, vegna iðgjalda skv. 1. mgr. 2. gr. sem eru komin fram yfir eindaga. Heimildin tekur til iðgjaldagreiðslutímabils frá 1. janúar 2020 til 1. janúar 2021.

### Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998

#### ■ 8. gr. Eftirlit.

...

Lendi eftirlitsskyldur aðili, annar en fjármálafyrirtæki, í sérstökum fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleikum þannig að Fjármálaeftirlitið telur þörf á að grípa til sérstakra ráðstafana í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði gilda ákvæði 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki um heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngrips í starfsemina.

Í 4. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. [87/1998](#), segir að lendi eftirlitsskyldur aðili, annar en fjármálafyrirtæki, í sérstökum fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleikum þannig að Fjármálaeftirlitið telji þörf á að grípa til sérstakra ráðstafana í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði gildi ákvæði 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki um heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngrips í starfsemina.

Málgreininni var [bætt við](#) 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi með lögum um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. [125/2008](#). Þau lög, sem stundum voru kölluð neyðarlögin, voru sett í aðdraganda íslenska bankahrunsins í október 2008. Með lögnum var nýrri 100. gr. a [bætt við](#) lög um fjármálafyrirtæki, nr. [161/2002](#). Sú grein veitti Fjármálaeftirlitinu heimild til víðtækra inngripa í starfsemi fjármálafyrirtækja við sérstakar aðstæður í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði.

Með lögum nr. [44/2009](#), um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, var nýtt ákvæði um afhendingu fjármálafyrirtækis í erfiðleikum til bráðabirgðastjórnar [sett í](#) 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki í stað þess ákvæðis sem fyrir var. Hluti þeirra fyrirmæla sem voru fyrir í greininni var aftur á móti [tekinn upp í](#) nýtt ákvæði til bráðabirgða sem átti að gilda til 1. júlí 2010. Bráðabirgðaákvæðið var ítrekað framlengt en því var leyft að falla úr gildi í lok árs 2020. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki var [felld brott](#) með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. [70/2020](#), en þau lög kveða mun ítarlegar á um hvernig tekið skuli á erfiðleikum fjármálafyrirtækja.

Af þessum sökum vísar 4. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi ekki lengur til neins gildandi ákvæðis og hefur því

ekki lengur efnislegt gildi. Því er lagt til að málsgreinin verði felld brott.

**Lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999**

■ **9. gr. Greiðslur úr sjóðnum.**

...

□ Með innstæðu er átt við inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi, sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum, og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, **heildsöluinnlán** og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.

...

Í 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. [98/1999](#), er fjallað um greiðslur úr Tryggingarsjóði vegna fjármálafyrirtækja. Í 4. mgr. greinarinnar er hugtakið *innstæða* skýrt. Í 2. málsl. málsgreinarinnar kemur fram að heildsöluinnlán teljist ekki til innstæðna. Hugtakið *heildsöluinnlán* er ekki skilgreint í lögnum, en með því er vanalega átt við stór innlán frá stórum aðilum á fjármálamarkaði, einkum lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra, sem eru á sérumsömdum kjörum sem standa almennum sparifjáreigendum ekki til boða. Innstæður lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, sjóða um sameiginlega fjárfestingu og ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra eru aftur á móti almennt undanskildar tryggingu skv. 9. mgr. 9. gr. laganna. Af því leiðir að það hefur litla þýðingu fyrir umfang tryggðra innstæðna hvort heildsöluinnlán falli undir hugtakið innstæða eða ekki.

Það hefur aftur á móti þýðingu fyrir forgangsöröð krafna við skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja skv. 1. mgr. 85. gr. a laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. [70/2020](#). Kröfur vegna innstæðna njóta forgangs skv. 1. tölul. þeirrar málsgreinar. Undir þeim tölulið er fjallað um innbyrðis rétt hæð krafna vegna innstæðna. Aftast í þeim forgangi, sbr. d-lið töluliðarins, eru kröfur vegna annarra innstæðna en getið er í a–c-lið töluliðarins. Til annarra innstæðna skv. d-lið teljast innstæður sem eru undanskildar tryggingu skv. 9. mgr. 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Þar undir eiga að falla innlán í eigu lífeyrissjóða, fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, sjóða um sameiginlega fjárfestingu og ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra, líkt og [getið var](#) í skýringum á stafliðnum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. [38/2021](#), um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Sökum þess að heildsöluinnlán eru undanþegin skilgreiningu á innstæðum nýtur aftur á móti hluti innlána í eigu

Þessara aðila ekki þeirrar staðsetningar í kröfuröð sem hann ætti að njóta samkvæmt staflíðnum. Til að bæta úr því er lagt til að orðið „heildsöluinnlán“ verði fellt brott úr 4. mgr. 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Með því móti geta heildsöluinnlán talist til innstæðna og notið forgangs skv. d-lið 1. tölul. 1. mgr. 85. gr. a laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja við skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja.

### Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002

■ **1. gr. b. Orðskýringar.**

☐ Í lögum þessum merkir:

*Um greinina í heild.* Lagðar eru til þrenns konar breytingar á orðskýringarákvæði 1. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. [161/2002](#). Í fyrsta lagi er lagt til að bætt verði við skýringum á hugtökunum *viðskiptabanki*, *sparisjóður* og *lánafyrirtæki*. Það er ekki efnislega nauðsynlegt en er talið gagnlegt fyrir lesendur laganna þar sem um er að ræða grundvallarhugtök í lögnum.

Í öðru lagi er lagt til að efni flestra skýringa reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [575/2013](#) frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 á hugtökum sem notuð eru í meginmáli laganna verði tekið upp í greinina í stað þess að vísa til orðskýringa reglugerðarinnar líkt og nú er gert í 2. mgr. greinarinnar. Þeirri breytingu er ætlað að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA. Stofnunin hefur lýst þeirri afstöðu að skýrara geti verið ef þær orðskýringar reglugerðarinnar sem stuðst er við komi fram í meginmáli laganna í stað þess að vísað sé almennt til orðskýringa reglugerðarinnar.

Breytingin felur í sér að orðskýringum í greininni fjölgar allverulega. Til að taka mið af því er í þriðja lagi lagt til að röð þeirra orðskýringa sem fyrir eru í greininni verði breytt til að orðskýringarnar verði í stafrófsröð.

**261.** *Aðildarríki:* Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

2. Aðili á fjármálamarkaði: Eftirtaldir aðilar teljast aðilar á fjármálamarkaði:

a. fjármálafyrirtæki,

b. fjármálastofnun,

c. félag í viðbótarstarfsemi sem er hluti af samstæðustöðu fjármálafyrirtækis,

d. váttryggingafélag,

e. váttryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins,

f. endurtryggingafélag,

g. endurtryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins,

h. eignarhaldsfélag á váttryggingasviði samkvæmt lögum um váttryggingasamstæður,

i. fyrirtæki sem er undanskilið gildissviði tilskipunar 2009/138/EB skv. 4. gr. þeirrar tilskipunar,

j. fyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins með meginstarfsemi sambærilega við starfsemi skv. a–i-lið.

*Um 2. tölul. a-liðar. Lagt er til að skilgreining 27. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á aðila á fjármálamarkaði verði tekin upp í meginmál laganna. Hugtökin fjármálafyrirtæki, fjármálastofnun, félag í viðbótarstarfsemi, váttryggingafélag og endurtryggingafélag eru skilgreind í öðrum tölulíðum 1. mgr. 1. gr. b laganna.*

*Með váttryggingafélögum og endurtryggingafélögum utan Evrópska efnahagssvæðisins er átt við fyrirtæki sem þyrftu starfsleyfi sem váttryggingafélög eða endurtryggingafélög ef aðalskrifstofur þeirra væru á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 23. og 24. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og 3. og 6. tölul. 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2009/138/EB](#) frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga.*

*Eignarhaldsfélag á váttryggingasviði er skilgreint í f-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#), með breytingum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2011/89/ESB](#) frá 16. nóvember 2011 um breytingu á tilskipunum [98/78/EB](#), [2002/87/EB](#), [2006/48/EB](#) og [2009/138/EB](#) að því er varðar viðbótareftirlit með fjármálaeiningum í fjármálasamsteypu, sem móðurfélag sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og aðalstarfsemi þess er að yfirtaka og eiga hlutdeild í dótturfélögum, þar sem þessi dótturfélög eru eingöngu eða aðallega váttrygginga- eða endurtryggingafélög, eða váttrygginga- eða endurtryggingafélög í þriðja landi, þar sem að lágmarki eitt af slíkum dótturfélögum er váttrygginga- eða endurtryggingafélag. Efni skilgreiningarinnar var tekið upp í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um váttryggingasamstæður, nr. [60/2017](#). Þar er eignarhaldsfélag á váttryggingasviði skilgreint sem félag þar sem meginstarfsemi felst í því að eiga hluti í dótturfélögum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega váttryggingafélög.*

*Fyrirtæki sem eru undanskilin gildissviði tilskipunar [2009/138/EB](#) skv. 4. gr. þeirrar tilskipunar eru váttryggingafélög með takmarkað umfang eða starfsemi. Ákvæðið var innleitt hér á landi með 3. mgr. 3. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. [100/2016](#).*

3. Áhættulag: Samningsbundinn hluti útlánaáhættu tengdur áhættuskuldbindingu eða safni

*Um 3. tölul. a-liðar. Lagt er til að skilgreining 67. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr.*

áhættuskuldbindinga þar sem staða í einu lagi leiðir af sér útlánaáhættu sem er meiri eða minni en staða í öðrum lögum safnsins sömu fjárhæðar, án þess að tekið sé tillit til útlánavarna sem þriðju aðilar veita beint til þeirra sem eiga stöður í laginu eða í öðrum lögum.

4. Blandað eignarhaldsfélag: Móðurfélag, sem ekki er eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálafyrirtæki eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, sem hefur að minnsta kosti eitt dótturfélag sem er fjármálafyrirtæki.

5. Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi: Móðurfélag sem ásamt dótturfélögum sínum og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu, enda sé móðurfélagið ekki lánastofnun, váttryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki, eignastýringarfélag eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs og a.m.k. eitt dótturfélaganna er lánastofnun, váttryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki, eignastýringarfélag eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs með skráða skrifstofu á Evrópska efnahagssvæðinu.

6. Blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu: Blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í aðildarríki né annars eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki.

7. Blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki: Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs

575/2013 á áhættulagi verði tekin upp í meginmál laganna. Hugtakið er notað í skilgreiningu frumvarpsins á verðbréfun.

*Um 4. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 22. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á blönduðu eignarhaldsfélagi verði tekin upp í meginmál laganna.

*Um 5. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 21. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi verði tekið upp í meginmál laganna.

Í reglugerðinni er hugtakið skilgreint sem blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skv. 15. tölul. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB. Í þeim tölulið, með breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB, er hugtakið skilgreint sem móðurfyrirtæki, sem er ekki eftirlitsskyldur aðili, sem myndar fjármálasamsteypu ásamt dótturfyrirtækjum sínum og öðrum aðilum og a.m.k. eitt dótturfyrirtækjanna er eftirlitsskyldur aðili með skráða skrifstofu á Evrópska efnahagssvæðinu. *Eftirlitsskyldur aðili* í skilningi tilskipunarinnar er lánastofnun, váttryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki, eignastýringarfélag eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs, sbr. 4. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar.

*Um 6. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 33. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu verði tekin upp í meginmál laganna.

*Um 7. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 32. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í aðildarríki verði tekin upp í meginmál laganna.



eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki.

8. Dótturfélag: Fyrirtæki sem hafa þau tengsl við fjármálafyrirtæki eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem lýst er í 44. tölul. teljast vera dótturfélög. Fyrirtæki sem er dótturfélag dótturfélags telst einnig vera dótturfélag móðurfélags.

*Um 8. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *dótturfélagi* verði tekið upp í meginmál laganna. Dótturfélag er skilgreint þar sem dótturfélag í skilningi 1. og 2. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins [83/349/EBE](#) frá 13. júní 1983 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um samstæðureikninga og sem dótturfélag í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar [83/349/EBE](#) og félag þar sem móðurfélag hefur veruleg áhrif. Dótturfélög dótturfélaga skulu teljast dótturfélög þess félags sem er upphaflegt móðurfélag þeirra.

Tilskipun [83/349/EBE](#) var felld brott með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2013/34/ESB](#) frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2006/43/EB](#) og niðurfellingu tilskipana ráðsins [78/660/EBE](#) og [83/349/EBE](#). Ákvæði sem svara til 1. og 2. gr. tilskipunar [83/349/EBE](#) eru nú í 1.–5. mgr. 22. gr. tilskipunar [2013/34/ESB](#). Þar er ekki eiginleg skilgreining á dótturfélagi en fjallað um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning.

Skilgreiningin sem lögð er til í frumvarpinu er samhljóða skilgreiningu á dótturfélagi sem bætt var við lög um fjármálafyrirtæki með breytingalögum nr. [57/2015](#).

9. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni: Lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni.

*Um 9. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 41. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2019/876](#) frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. [648/2012](#), á *eftirlitsaðila á samstæðugrunni* verði tekin upp í meginmál laganna. Þar kemur fram að átt sé við lögbært yfirvald sem beri ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni í samræmi við 111. gr. tilskipunar Evrópuþingsins

og ráðsins [2013/36/ESB](#) frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun [2002/87/EB](#) og um niðurfellingu á tilskipunum [2006/48/EB](#) og [2006/49/EB](#). Sú grein var innleidd hér á landi með 109. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, sem tilgreinir hvenær Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit á samstæðugrunni.

[10. Eiginfjárgrunnur: Samtala eiginfjárbáttar 1 og eiginfjárbáttar 2.](#)

*Um 10. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 118. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á eiginfjárgrunni verði tekin upp í meginmál laganna.

[11. Eignarhaldsfélag á fjármálasviði: Fjármálastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, hvers dótturfélög eru eingöngu eða aðallega fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir. Dótturfélög fjármálastofnunar teljast aðallega vera fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir ef a.m.k. eitt þeirra er fjármálafyrirtæki og ef meira en 50% af eigin fé fjármálastofnunarinnar, samstæðueigna, tekna, starfsfólks eða annars þáttar sem Fjármálaeftirlitið telur eiga við tengjast dótturfélögum sem eru fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir.](#)

*Um 11. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 20. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á eignarhaldsfélagi á fjármálasviði verði tekin upp í meginmál laganna.

[12. Eignastýringarfélag: Rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og aðili sem stundar hliðstæða starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem laga- og eftirlitskröfur eru a.m.k. jafngildar þeim sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.](#)

*Um 12. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 19. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á eignastýringarfélagi verði tekið upp í meginmál laganna. Eignastýringarfélag er skilgreint í reglugerðinni sem eignastýringarfélag skv. 5. tölul. 2. gr. tilskipunar [2002/87/EB](#) eða stjórnandi fagfjárfestastjóðs skv. b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2011/61/ESB](#) frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum [2003/41/EB](#) og [2009/65/EB](#) og reglugerðum (EB) nr. [1060/2009](#) og (ESB) nr. [1095/2010](#), að meðtöldum aðilum í þriðju löndum, nema annað sé tekið fram, sem falla undir lög þriðja lands sem beittir a.m.k. jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum sem beitt er á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 5. tölul. 2. gr. tilskipunar [2002/87/EB](#) eru eignastýringarfélög skilgreind sem rekstrarfélög skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2009/65/EB](#) um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði eða fyrirtæki sem hafi skráða skrifstofu í þriðja landi og sem þyrfti starfsleyfi samkvæmt þeirri tilskipun ef skráð

skrifstofa þess væri á Evrópska efnahagssvæðinu. Í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar [2009/65/EB](#) er rekstrarfélag skilgreint sem félag sem annast rekstur verðbréfasjóða í formi fjárhaldssjóða eða fjárfestingarfélaga. Efni skilgreiningarinnar var tekið upp í 18. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. [116/2021](#). Þar er *rekstrarfélag verðbréfasjóða* skilgreint sem lögaðili sem reki einn eða fleiri verðbréfasjóði með reglubundnum hætti.

Í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar [2011/61/ESB](#) eru *rekstraraðilar sérhæfðra sjóða* (sem er þýðing á sama hugtaki og er þýtt sem „stjórnandi fagfjárfestasjóðs“ í 19. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#)) skilgreindir sem lögaðilar sem hafi það að reglulegu starfi að starfrækja einn eða fleiri sérhæfða sjóði. Efni skilgreiningarinnar var tekið upp í 26. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. [45/2020](#). Þar er *rekstraraðili* skilgreindur sem lögaðili sem reki einn eða fleiri sérhæfða sjóði með reglubundnum hætti.

[13. Eining um sérverkefni á sviði verðbréfunar: Eignaumsýslufélag eða annar aðili, annar en fjármálafyrirtæki, sem er skipulagður til að stunda verðbréfun eða verðbréfanir, þar sem starfsemin miðar eingöngu að því að ná því markmiði, skipulaginu er ætlað að aðskilja skyldur einingarinnar um sérverkefni á sviði verðbréfunar frá skyldum fyrirtækisins sem er upphafsaðili og réttthafar eiga rétt á því að veðsetja eða selja rétt sinn án takmarkana.](#)

*Um 13. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 66. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *sérstökum verðbréfunaraðila* verði tekin upp í meginmál laganna. Hugtakið *eining um sérverkefni á sviði verðbréfunar* er notað í stað *sérstaks verðbréfunaraðila* til að gæta samræmis við gildandi hugtakanotkun í 7. mgr. 78. gr. h laganna.

[14. Endurhverf verðbréfakaup: Samningur sem felur í sér að fjármálafyrirtæki eða mótaðili þess framselur verðbréf eða hrávörur eða tryggð réttindi sem tengjast eignarrétti á verðbréfum eða hrávörum ef tryggingin er gefin út af viðurkenndri kauphöll sem á réttinn á verðbréfunum eða hrávörum og samningurinn heimilar ekki fjármálafyrirtæki að framselja eða veðsetja tiltekið verðbréf eða hrávöru til fleiri en eins mótaðila í senn og er háður skuldbindingu um endurkaup á þeim, eða staðkvæmum verðbréfum eða hrávörum sama eðlis, á tilgreindu verði á síðari degi sem framseljandi tilgreinir eða skal tilgreina.](#)

*Um 14. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 82. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *endurhverfum verðbréfakaupum* verði tekin upp í meginmál laganna. Hugtakið er í frumvarpinu notað í skilgreiningu á *vogun*.

[15. Endurtryggingafélag: Endurtryggingafélag samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.](#)

*Um 15. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *endurtryggingafélagi* verði tekið upp í meginmál laganna. Endurtryggingafélag er skilgreint þar með vísun til 4. tölul. 13. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#) þar sem orðið er skilgreint sem félag sem hefur

fengið starfsleyfi í samræmi við 14. gr. tilskipunarinnar til að reka endurtryggingar. Efni þeirrar skilgreiningar var tekið upp í 12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. [100/2016](#), þar sem *endurtryggingafélag* er skilgreint sem váttryggingafélag sem hefur fengið starfsleyfi til endurtryggingastarfsemi skv. 22. gr. laganna. Endurtryggingastarfsemi er starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem váttryggingafélag eða annað endurtryggingafélag hefur látið frá sér, sbr. fyrri málslið 14. tölul. sömu málsgreinar.

[16. Endurtryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins: Félag sem þyrfti starfsleyfi sem endurtryggingafélag ef aðalskrifstofa þess væri á Evrópska efnahagssvæðinu.](#)

*Um 16. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 24. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *endurtryggingafélagi þriðja lands* verði tekið upp í meginmál laganna. Í reglugerðinni er hugtakið skilgreint sem endurtryggingafélag þriðja lands eins og það er skilgreint í 6. lið 13. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#). Þar er *endurtryggingafélag þriðja lands* skilgreint sem félag sem þyrfti starfsleyfi sem endurtryggingafélag í samræmi við 14. gr. tilskipunarinnar ef aðalskrifstofa þess væri í Bandalaginu. Hugtakið *endurtryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins* er notað í skilgreiningu frumvarpsins á *aðila á fjármálamarkaði* í 2. tölul. ákvæðisins.

[17. Félag í viðbótarstarfsemi: Félag sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með fasteignum eða sjá um gagnavinnsluþjónustu eða svipaða þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi eins eða fleiri fjármálafyrirtækja.](#)

*Um 17. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 18. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *félagi í viðbótarstarfsemi* verði tekin upp í meginmál laganna.

[+18. Fjármálafyrirtæki: Lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki.](#)

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

[19. Fjármálagerningur: Eitthvað af eftirfarandi:](#)  
[a. samningur sem leiðir til bæði fjáreignar eins aðila og fjárskuldbindingar eða eiginfjárgernings annars aðila,](#)  
[b. fjármálagerningur samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga,](#)  
[c. afleiddur fjármálagerningur,](#)  
[d. grunnfjármálagerningur,](#)  
[e. reiðufjárgerningur.](#)  
[Gerningarnir sem um getur í a-, b- og c-lið teljast eingöngu fjármálagerningar ef virði þeirra leiðir af verði](#)

*Um 19. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 50. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *fjármálagerningi* verði tekið upp í meginmál laganna. Í b-lið síðarnefnds töluliðar er vísað til gerninga í C-þætti I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2004/39/EB](#) frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á

undirbyggjandi fjármálagernings eða annars undirbyggjandi þáttar, hlutfalli eða vísitölu.

tilskipun ráðsins 93/22/EBE. Sú tilskipun var endurútfegin sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2014/65/ESB](#) frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun [2002/92/EB](#) og tilskipun [2011/61/ESB](#), en hliðstæður listi yfir fjármálagerninga er í C-þætti I. viðauka við hana. Tilskipun [2014/65/ESB](#) var innleidd hér á landi með lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. [115/2021](#). Fjármálagerningar eru skilgreindir í 17. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna sem verðbréf, peningamarkaðsgerningar, hlutdeildarskírteini, afleiður og losunarheimildir í formi eininga í skilningi laga um loftslagsmál.

520. Fjármálasamsteypa: Fjármálasamsteypa samkvæmt lögum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

21. Fjármálastofnun: Fyrirtæki, annað en fjármálafyrirtæki eða hreint iðnaðareignarhaldsfélag, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. og 15. tölul. 1. mgr. 20. gr., þ.m.t. eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu og eignastýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði samkvæmt lögum um váttryggingasamstæður.

*Um 21. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 26. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á fjármálastofnun verði tekið upp í meginmál laganna. Fjármálastofnun er skilgreind þar sem fyrirtæki, annað en fjármálafyrirtæki eða „eignarhaldsfélag sem eingöngu starfar í iðnaði“, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. tölul. og 15. tölul. I. viðauka við tilskipun [2013/36/ESB](#), þ.m.t. eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, greiðslustofnanir í skilningi 4. tölul. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2015/2366](#) frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum [2002/65/EB](#), [2009/110/EB](#) og [2013/36/ESB](#) og á reglugerð (ESB) nr. [1093/2010](#) og niðurfellingu á tilskipun [2007/64/EB](#) og eignarstýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í váttryggingastarfsemi eins og þau eru skilgreind í f- og g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#).

„Eignarhaldsfélag sem eingöngu starfar í iðnaði“ er nefnt „pure industrial holding company“ í enskri útgáfu reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

Hugtakið er ekki skilgreint í reglugerðinni. Í tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að breytingum á reglugerðinni númer [COM\(2021\)664](#), sem stundum er kölluð CRR III og er nú til meðferðar hjá stofnunum Evrópusambandsins, er þó lagt til að skilgreiningu á hugtakinu verði bætt við reglugerðina. Þar er miðað við að um sé að ræða eignarhaldsfélag sem fjárfestir aðeins í annars konar rekstri en fjármálastarfsemi. Með tilliti til þess eru í skilgreiningunni í frumvarpinu notuð orðin „hreint iðnaðareignarhaldsfélag“ frekar en „eignarhaldsfélag sem eingöngu starfar í iðnaði“.

Efni 2.–12. tölul. og 15. tölul. I. viðauka við tilskipun [2013/36/ESB](#) var tekið upp í 2.–12. og 15. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Því er vísað til þeirra ákvæða í skilgreiningunni.

Í frumvarpinu eru hugtökin *eignarhaldsfélag á fjármálasviði*, *blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi* og *eignastýringarfélag* skilgreind í öðrum töluliðum ákvæðisins. *Greiðslustofnun* er skilgreind í 4. tölul. 4. gr. tilskipunar (ESB) [2015/2366](#) sem lögaðili sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við 11. gr. tilskipunarinnar til að veita og framkvæma greiðsluþjónustu á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Efni skilgreiningarinnar var tekið upp í 18. tölul. 3. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. [114/2021](#), þar sem *greiðslustofnun* er skilgreind sem lögaðili sem fengið hefur starfsleyfi til starfrækslu greiðsluþjónustu samkvæmt lögnum hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. *Eignarhaldsfélag á váttryggingasviði* er skilgreint í f-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#), með breytingum samkvæmt tilskipun [2011/89/ESB](#), sem móðurfélag sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og aðalstarfsemi þess er að yfirtaka og eiga hlutdeild í dótturfélögum, þar sem þessi dótturfélög eru eingöngu eða aðallega váttrygginga- eða endurtryggingafélög, eða váttrygginga- eða endurtryggingafélög í þriðja landi, þar sem að lágmarki eitt af slíkum dótturfélögum er váttrygginga- eða endurtryggingafélag. Efni skilgreiningarinnar var tekið upp í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um váttryggingasamstæður, nr. [60/2017](#), þar sem *eignarhaldsfélag á váttryggingasviði* er skilgreint sem félag þar sem meginstarfsemi felst í því að eiga hluti í dótturfélögum sem eru annaðhvort

eingöngu eða aðallega váttryggingafélög. *Blandað eignarhaldsfélag á váttryggingasviði* er skilgreint í g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#), með breytingum samkvæmt tilskipun [2011/89/ESB](#), sem móðurfélag sem er ekki váttryggingafélag, váttryggingafélag í þriðja landi, endurtryggingafélag, endurtryggingafélag í þriðja landi, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er váttryggingafélag eða endurtryggingafélag. Efni skilgreiningarinnar var tekið upp í 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um váttryggingasamstæður, nr. 60/2017, þar sem *blandað eignarhaldsfélag á váttryggingasviði* er skilgreint sem félag sem ekki er váttryggingafélag, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og a.m.k. eitt dótturfélag er váttryggingafélag.

[622. Framkvæmdastjóri](#): Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög eða laga þessara, burt séð frá starfsheiti að öðru leyti.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

[23. Gistiríki](#): Ríki þar sem fjármálafyrirtæki hefur útibú eða veitir þjónustu.

*Um 23. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 44. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *gistaðildarríki* verði tekin upp í meginmál laganna. Sá munur er þó á að í frumvarpinu er notað orðið *gistiríki* og ólíkt reglugerðinni miðast skilgreining frumvarpsins ekki aðeins við aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið heldur er tekið mið af því að í meginmáli laganna er hugtakið ekki aðeins notað um fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu heldur einnig fjármálafyrirtæki utan þess.

[4824. Greiðslujöfnunarsamningur](#): Samningur sem felur í sér að unnt er að umreikna samrættar kröfur eða skuldbindingar fjármálafyrirtækis og viðsemjanda þess í eina jafnaða kröfu, þ.m.t. samningur um greiðslujöfnun til uppgjors.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

[25. Hagnaður](#): Hagnaður samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

*Um 25. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 121. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *hagnaði* verði tekin upp í meginmál laganna.

26. Heimaríki: Ríki þar sem fjármálafyrirtæki hefur fengið starfsleyfi.

*Um 26. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 43. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á heimaaðildarríki verði tekin upp í meginmál laganna. Sá munur er þó á að í frumvarpinu er notað orðið *heimaríki* og ólíkt reglugerðinni miðast skilgreining frumvarpsins ekki aðeins við aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið heldur er tekið mið af því að í meginmáli laganna er hugtakið ekki aðeins notað um fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu heldur einnig fjármálafyrirtæki utan þess.

4927. Hlutdeildarfélag: Félag sem fjármálafyrirtæki hefur veruleg áhrif á eða þar sem beinn eða óbeinn eignarhluti nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða hlutafé.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

28. Hætta á of mikilli vogun: Áhætta sem stafar af næmi fjármálafyrirtækis vegna skuldsetningar eða óvissrar skuldsetningar sem kann að útheimta ófyrirhugaðar ráðstafanir til úrbóta á viðskiptaáætlun þess, þ.m.t. bráða sölu eigna sem kann að leiða til taps eða endurmats á virði eigna sem eftir eru.

*Um 28. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 94. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *hættu á of mikilli vogun* verði tekin upp í meginmál laganna.

4929. Innri aðferð: Innramatsaðferðin skv. 1. mgr. 143. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 221. gr., eigin matsaðferðin skv. 225. gr., þróðu mæliaðferðirnar skv. 2. mgr. 312. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 283. og 363. gr. og innri virðingaraðferðin skv. 3. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

30. Íbúðarhúsnæði: Húsnæði sem eigandi eða leigutaki húsnæðisins býr í.

*Um 30. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 75. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *íbúðarhúsnæði* verði tekin upp í meginmál laganna. Síðari hluti skilgreiningar reglugerðarinnar („þ.m.t. réttur til búsetu í íbúð húsnæðissamvinnufélags í Svíþjóð“) er þó ekki tekinn upp þar sem hann lýtur aðeins að Svíþjóð.

831. Kaupauki: Starfskjör starfsmanns fjármálafyrirtækis sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrir fram.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

5032. Kerfisáhætta: Hætta á truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra



er þó breytt til að orðskýringar málgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

33. Kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki: Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu eða fjármálafyrirtæki sem myndi valda kerfisáhættu ef það lenti í greiðsluþroti eða starfaði óeðlilega.

*Um 33. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#) á stofnun sem er mikilvæg innan kerfis verði tekin upp í meginmál laganna. Þó er lagt til að frekar verði notað hugtakið *kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki* til samræmis við gildandi hugtakanotkun í lögnum. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ákvarðar hvaða eftirlitsskyldir aðilar teljast kerfislega mikilvægir skv. d-lið 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. [92/2019](#), sbr. einnig 86. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. [161/2002](#).

34. Lánafyrirtæki: Lánastofnun sem er óheimilt að taka á móti innlánnum.

*Um 34. tölul. a-liðar.* Lagt er til að hugtakið *lánafyrirtæki* verði skilgreint. Lánafyrirtæki eru ein þriggja tegunda lánastofnana, en hinar tvær tegundirnar eru viðskiptabankar og sparisjóðir. Það sem greinir lánafyrirtæki frá viðskiptabönkum og sparisjóðum er að lánafyrirtækjum er óheimilt að taka á móti innlánnum, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

235. Lánastofnun: Fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Tölulíðirnir eru samhljóða gildandi tölulíðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

36. Lánshæfismatsfyrirtæki: Lánshæfismatsfyrirtæki sem er skráð eða vottað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eða seðlabanki sem gefur út lánshæfismat sem fellur ekki undir reglugerð (EB) nr. 1060/2009, sbr. lög um lánshæfismatsfyrirtæki, nr. 50/2017.

*Um 36. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 98. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki verði tekin upp í meginmál laganna. Hugtakið *lánshæfismatsfyrirtæki* er notað til að gæta samræmis við gildandi hugtakanotkun í 2. mgr. 54. gr. a og 2. mgr. 78. gr. a laganna. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [1060/2009](#) frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki, sem vísað er til í skilgreiningunni, hefur lagagildi hér á landi skv. 2. gr. laga um lánshæfismatsfyrirtæki, nr. [50/2017](#).

737. Lykilstarfsmaður: Starfsmaður fjármálafyrirtækis, annar en framkvæmdastjóri, sem stöðu sinnar vegna getur haft veruleg áhrif á stefnu fyrirtækisins.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Tölulíðirnir eru samhljóða gildandi tölulíðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málgreinarinnar

verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

38. Lögbært yfirvald: Opinbert yfirvald eða aðili sem er opinberlega viðurkenndur samkvæmt landslögum og hefur sem liður í eftirlitskerfi viðkomandi aðildarríkis valdbærni að lögum til að hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum.

*Um 38. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 40. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á lögbæru yfirvaldi verði tekin upp í meginmál laganna.

39. Markaðsáætta: Hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á markaðsverði, þ.m.t. gjaldmiðlagengi eða hrávöruverði.

*Um 39. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 141. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á markaðsáættu verði tekin upp í meginmál laganna.

40. Miðlægur mótaðili: Lögaðili sem gengur á milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og verður þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda.

*Um 40. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 34. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á miðlægum mótaðila verði tekið upp í meginmál laganna. Þar er miðlægur mótaðili skilgreindur með vísun til 1. tölul. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [648/2012](#) frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár þar sem segir að miðlægur mótaðili sé lögaðili sem gangi á milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og verði þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda.

41. Mildun útlánaáættu: Aðferð sem fjármálafyrirtæki notar til að draga úr útlánaáættu vegna einnar eða fleiri áhættuskuldbindinga í bókum sínum.

*Um 41. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 57. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á mildun útlánaáættu verði tekin upp í meginmál laganna.

42. Móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu: Móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki.

*Um 42. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 31. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu verði tekin upp í meginmál laganna.

43. Móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki: Eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem er hvorki dótturfélag fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í sama aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki.

*Um 43. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 30. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði í aðildarríki verði tekin upp í meginmál laganna.

44. Móðurfélag: Fyrirtæki telst vera móðurfélag þegar það:

a. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,

b. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda.

*Um 44. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á móðurfélagi verði tekið upp í meginmál laganna. Móðurfélag er skilgreint þar sem móðurfélag í skilningi 1. og 2. gr. tilskipunar [83/349/EBE](#) og, að því er II.

c. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa ráðandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykktu fyrirtækisins eða sammings við það.

d. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli sammings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða

e. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem móðurfélag og dótturfélag ráða yfir. Við mat á atkvæðisrétti í dótturfélagi skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfélagsins eða dótturfélögum þess.

þátt 3. og 4. kafla VII. bóls og VIII. bóls tilskipunar [2013/36/ESB](#) og fimmta hluta reglugerðarinnar varðar, sem móðurfélag í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar [83/349/EBE](#) og hvert það félag sem hefur veruleg áhrif í öðru félagi.

Tilskipun [83/349/EBE](#) var felld brott með tilskipun [2013/34/ESB](#). Ákvæði sem svara til 1. og 2. gr. tilskipunar [83/349/EBE](#) eru nú í 1.–5. mgr. 22. gr. tilskipunar [2013/34/ESB](#). Þar er ekki eiginleg skilgreining á móðurfélagi en fjallað um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning.

Skilgreiningin sem lögð er til í frumvarpinu er samhljóða skilgreiningu á móðurfélagi sem bætt var við lög um fjármálafyrirtæki með breytingalögum nr. [57/2015](#).

4645. Móðurfélag í efsta þrepi samstæðu á Evrópska efnahagssvæðinu: Móðurfélag sem er móðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

46. Móðurlánastofnun á Evrópska efnahagssvæðinu: Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu sem er lánastofnun.

*Um 46. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 29. tölul. d 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á móðurlánastofnun á Evrópska efnahagssvæðinu verði tekin upp í meginmál laganna.

47. Móðurlánastofnun í aðildarríki: Móðurstofnun í aðildarríki sem er lánastofnun.

*Um 47. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 29. tölul. c 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á móðurlánastofnun í aðildarríki verði tekin upp í meginmál laganna.

48. Móðurstofnun í aðildarríki: Fjármálafyrirtæki í aðildarríki sem hefur fjármálafyrirtæki, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi að dóttur- eða hlutdeildarfélagi og sem ekki er sjálft dótturfélag annars fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki.

*Um 48. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 28. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á móðurstofnun í aðildarríki verði tekin upp í meginmál laganna.

49. Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu: Móðurstofnun í aðildarríki sem er hvorki dótturfélag annars fjármálafyrirtækis með starfsleyfi í aðildarríki né eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í aðildarríki.

*Um 49. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 29. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu verði tekin upp í meginmál laganna.

50. Móðurverðbréfafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu: Móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu sem er verðbréfafyrirtæki.

*Um 50. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 29. tölul. b 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á verðbréfamóðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu verði tekin upp í meginmál laganna. Þó er lagt til að frekar verði notað hugtakið *móðurverðbréfafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu* til samræmis við gildandi hugtakanotkun í 109. gr. b laganna.

51. Móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki: Móðurstofnun í aðildarríki sem er verðbréfafyrirtæki.

*Um 51. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 29. tölul. a 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á verðbréfamóðurstofnun í aðildarríki verði tekin upp í meginmál laganna. Þó er lagt til að frekar verði notað hugtakið *móðurverðbréfafyrirtæki í aðildarríki* til samræmis við gildandi hugtakanotkun í 109. gr. b laganna.

52. Nán tengsl: Nán tengsl teljast vera til staðar þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast með einhverjum eftirfarandi hætti:

a. með hlutdeild í formi eignarhalds, beint eða með yferráðum, á 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis,

b. með yferráðum,

c. með varanlegum tengslum þeirra beggja eða allra við sama þriðja aðila í gegnum yferráðatengsl.

*Um 52. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 38. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *nánum tengslum* verði tekin upp í meginmál laganna.

5453. Raunverulegur eigandi: Raunverulegur eigandi samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Tölulíðirnir eru samhljóða gildandi tölulíðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

54. Rekstraráhætta: Hætta á tapi sem leiðir af innri ferlum, fólki og kerfum sem eru ófullnægjandi eða hafa brugðist, eða af ytri atburðum, að meðtalinni lagalegri áhættu.

*Um 54. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 52. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *rekstraráhættu* verði tekin upp í meginmál laganna.

55. Samstæða: Samstæða fyrirtækja þar sem a.m.k. eitt er fjármálfyrirtæki og sem samanstandur af móðurfélagi og dótturfélögum þess, eða fyrirtækjum sem heyra undir sama samstæðureikning.

*Um 55. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 138. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á *samstæðu* verði tekið upp í meginmál laganna. *Samstæða* er skilgreind þar sem samstæða fyrirtækja þar sem a.m.k. eitt er fjármálfyrirtæki og sem samanstandur af móðurfélagi og dótturfélögum þess, eða fyrirtækjum sem eru tengd hvert öðru eins og sett er fram í 22. gr. tilskipunar [2013/34/ESB](#). Ákvæði 22. gr. tilskipunar [2013/34/ESB](#) fjallar

um hvenær fyrirtæki skuli semja samstæðureikning. Tilskipunin var innleidd hér á landi með lögum um ársreikninga, nr. [3/2006](#).

56. Samstæðugrunnur: Á grundvelli stöðu samstæðu.

*Um 56. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 48. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *samstæðugrunni* verði tekin upp í meginmál laganna. Skilgreiningin styðst við skilgreiningu á *stöðu samstæðu* sem er tekin upp í 63. tölul.

57. Seðlabanki: Seðlabanki Evrópu eða seðlabanki ríkis.

*Um 57. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 46. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *seðlabönkum* verði tekið upp í meginmál laganna. Seðlabankar eru skilgreindir þar sem seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu og seðlabankar þriðju landa. Seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu eru skilgreindir í 45. tölul. sömu málsgreinar sem seðlabankar aðildarríkja sem eru aðilar að seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanki Evrópu. Öll aðildarríki Evrópusambandsins eru aðilar að seðlabankakerfi Evrópu. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. [79/2019](#) frá 29. mars 2019 ber að skilja tilvísanir til „aðila að seðlabankakerfi Evrópu“ eða til „seðlabanka“ í reglugerðinni þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni. Með *þriðju löndum* í reglugerðinni er átt við lönd utan Evrópska efnahagssvæðisins. Af þessu leiðir að í 46. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) er vísað til Seðlabanka Evrópu og seðlabanka allra ríkja.

58. Skipulegur markaður: Skipulegur markaður samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

*Um 58. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 92. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *skipulegum markaði* verði tekið upp í meginmál laganna, en þar er vísað til skilgreiningar í 14. tölul. 4. gr. tilskipunar [2004/39/EB](#). Sú tilskipun var endurútgefin sem tilskipun [2014/65/ESB](#). Hliðstæð skilgreining á *skipulegum markaði* er í 21. tölul. 1. mgr. 4. gr. hennar. Tilskipun [2014/65/ESB](#) var innleidd hér á landi með lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. [115/2021](#). Í 57. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna er *skipulegur markaður* skilgreindur sem marghliða kerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í kerfinu.

59. Skilaaðili: Skilaaðili samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

*Um 59. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 131. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á *skilaeiningu* verði tekið upp í meginmál laganna, en þar er vísað til 83. tölul. a 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2014/59/ESB](#) frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og breytingu á tilskipun ráðsins [82/891/EBE](#) og tilskipunum [2001/24/EB](#), [2002/47/EB](#), [2004/25/EB](#), [2005/56/EB](#), [2007/36/EB](#), [2011/35/ESB](#), [2012/30/ESB](#) og [2013/36/ESB](#) og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [1093/2010](#) og (ESB) nr. [648/2012](#). Þar er *aðili í skilameðferð* skilgreindur sem a) lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem, í samræmi við 12. gr. tilskipunarinnar, er auðkenndur af hálfu skilastjórnvaldsins sem aðili sem skilaaðgerðin í skilaaætluninni tekur til eða b) stofnun sem er ekki hluti af samstæðu, sem fellur undir samstæðueftirlit skv. 111. og 112. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#), og sem skilaaætlunin, sem var samin skv. 10. gr. tilskipunarinnar, kveður á um skilaaðgerð í tengslum við.

Tilskipun [2014/59/ESB](#) var innleidd hér á landi með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. [70/2020](#). Í 32. tölul. 3. gr. laganna er *skilaaðili* skilgreindur sem a) fyrirtæki sem skilaaætlun skv. 9. gr. laganna hefur verið útbúin fyrir enda sé það ekki hluti af samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, eða b) lögaðili með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu enda hafi hann verið tilgreindur af skilavaldinu sem skilaaðili í skilaaætlun samstæðu skv. 10. gr. laganna.

60. Skilasamstæða: Skilasamstæða samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

*Um 60. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 132. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á *skilasamstæðu* verði tekið upp í meginmál laganna. Í reglugerðinni er vísað til 83. tölul. b 1. mgr. 2. gr. tilskipunar [2014/59/ESB](#). Þar er *skilasamstæða* skilgreind sem a) aðili í skilameðferð og dótturfélög hans sem eru ekki: i. sjálfir aðilar í skilameðferð, ii. dótturfélög annarra aðila í skilameðferð eða iii. aðilar með staðfestu í þriðja landi sem í samræmi við skilaaætlun eru ekki í

skilasamstæðunni og dótturfélög þeirra, eða b) lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun og miðlæga stofnunin sjálf, þegar a.m.k. ein þessara lánastofnana eða miðlæga stofnunin er aðili í skilameðferð, og dótturfélög hvers um sig.

Tilskipun [2014/59/ESB](#) var innleidd hér á landi með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. [70/2020](#). Í 34. tölul. 3. gr. laganna er *skilasamstæða* skilgreind sem a) skilaaðili og dótturfélög hans enda séu þau ekki skilaaðilar sjálf, dótturfélög annarra skilaaðila og aðilar með staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru ekki hluti af skilasamstæðu samkvæmt skilaáætlun og dótturfélög þeirra, eða b) lánastofnanir og dótturfélög þeirra sem eru varanlega tengd miðlægri stofnun og miðlæga stofnunin sjálf og dótturfélög hennar enda teljist a.m.k. ein þessara lánastofnana eða miðlæga stofnunin skilaaðili.

[61. Skilastjórnvald: Skilastjórnvald samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.](#)

*Um 61. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 130. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á *skilastjórnvaldi* verði tekið upp í meginmál laganna. Í reglugerðinni er vísað til 18. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilskipunar [2014/59/ESB](#), þar sem *skilavald* er skilgreint sem yfirvald sem aðildarríki tilnefnir í samræmi við 3. gr. tilskipunarinnar.

Tilskipun [2014/59/ESB](#) var innleidd hér á landi með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. [70/2020](#). Í 35. tölul. 3. gr. laganna er *skilastjórnvald* skilgreint sem stjórnvald sem fer með undirbúning og framkvæmd skilameðferðar.

[62. Sparisjóður: Lánastofnun sem er heimilt að taka á móti innlánnum og starfar skv. VIII. kafla.](#)

*Um 62. tölul. a-liðar.* Lagt er til að hugtakið *sparisjóður* verði skilgreint. Sparisjóðir eru ein þriggja tegunda lánastofnana, en hinar tvær tegundirnar eru viðskiptabankar og lánafyrirtæki. Sparisjóðum svipar til viðskiptabanka. Um sparisjóði gilda þó sérreglur skv. VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem ekki gilda um viðskiptabanka, þar á meðal um samfélagslegt hlutverk og ráðstöfun hagnaðar, rekstrarform og viðskipti með hluti.

[63. Staða samstæðu: Sú staða sem fæst með því að beita kröfum gagnvart fjármálafyrirtæki líkt og ef það myndaði, ásamt einum eða fleiri öðrum aðilum, eitt fjármálafyrirtæki.](#)

*Um 63. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 47. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *stöðu samstæðu* verði tekin upp í meginmál laganna. Vísun til krafna samkvæmt reglugerðinni er þó ekki tekin upp í

skilgreininguna í frumvarpinu því að skilgreiningin í meginmáli laganna á ekki að takmarkast við kröfur sem koma fram í reglugerðinni. Hugtakið er notað í skilgreiningum á *samstæðugrunni* og *undirsamstæðugrunni* í frumvarpinu.

464. Staðbundið fyrirtæki: Fyrirtæki sem stundar viðskipti fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir staðlaða framvirka samninga, valrétti eða aðrar afleiður og á lausafjármörkuðum, eingöngu í þeim tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum, eða það stundar viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og þar sem gert er ráð fyrir að uppgjörsaðilar ábyrgist að staðið verði við samninga sem slíkt fyrirtæki gerir.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

65. Starfsleyfi: Hvers konar skjal gefið út af yfirvöldum sem veitir rétt til starfsemi.

*Um 65. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 42. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á starfsleyfi verði tekin upp í meginmál laganna.

66. Stöður sem haldið er vegna veltuviðskipta: Einhver af eftirfarandi stöðum:

a. stöður fyrir eigin reikning og stöður sem tengjast tiltekinni þjónustu fyrir viðskiptavin og viðskiptavakt,

b. stöður sem ætlunin er að selja aftur innan skamms tíma,

c. stöður sem teknar eru til að hagnast á skammtímamismun á milli kaup- og söluverðs eða öðrum verð- og vaxtabreytingum.

*Um 66. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 85. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á stöðum sem eru ætlaðar til veltuviðskipta verði tekin upp í meginmál laganna. Hugtakið *stöður sem haldið er vegna veltuviðskipta* er notað í skilgreiningu á veltubók.

67. Umsýsluaðili: Fjármálafyrirtæki, sem ekki er upphafsaðili, sem stofnar til og stýrir eignatryggðri útgáfu skammtímabréfa eða annarri verðbréfun sem kaupir áhættuskuldbindingar frá þriðja aðila.

*Um 67. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *umsýsluaðila* verði tekin upp í meginmál laganna.

68. Undirsamstæðugrunnur: Á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, að undanskilinni undireiningasamstæðu, eða á grundvelli stöðu samstæðu móðurstofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem ekki er hin endanlega móðurstofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

*Um 68. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 49. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *undirsamstæðugrunni* verði tekin upp í meginmál laganna. Skilgreiningin styðst við skilgreiningu á *stöðu samstæðu* sem er tekin upp í 63. tölul.

69. Upphafsaðili: Aðili sem:

a. annaðhvort sjálfur eða fyrir tilstuðlan tengdra aðila, beint eða óbeint, átti aðild að upphaflega samningnum sem myndaði skuldbindingarnar eða mögulegar skuldbindingar skuldara eða mögulegs skuldara sem valda því að áhættuskuldbindingin er verðbréfuð eða

*Um 69. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 13. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *upphafsadila* verði tekin upp í meginmál laganna.



b. kaupir áhættuskuldbindingar þriðja aðila fyrir eigin reikning og verðbréfar þær síðan.

~~470.~~ *Útibú:* Starfsstöð sem lögum samkvæmt er háð fjármálafyrirtæki, sem hún er hluti af, og annast með beinum hætti öll eða hluta þeirra viðskipta sem fjármálafyrirtæki stundar. Allar starfsstöðvar, sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum lánastofnunar sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki, teljast eitt útibú.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

~~2071.~~ *Venslaðir aðilar:* Til venslaðra aðila teljast tengdir aðilar samkvæmt settum reikningsskilareglum, sbr. lög um ársreikninga. Til venslaðra aðila geta einnig talist aðrir aðilar sem Fjármálaeftirlitið metur að eigi beinna og skyldra hagsmuna að gæta vegna starfsemi fjármálafyrirtækis.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

72. Vátryggingafélag: Frumtryggingafélag samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi.

*Um 72. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á vátryggingafélagi verði tekið upp í meginmál laganna, en þar er vísað til 1. tölul. 13. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#), þar sem *vátryggingafélag* er skilgreint sem félag sem fengið hefur opinbert starfsleyfi í samræmi við 14. gr. tilskipunarinnar og rekur frumtryggingar á sviði líffrygginga og skaðatrygginga. Efni þeirrar skilgreiningar var tekið upp í 17. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. [100/2016](#), þar sem *frumtryggingafélag* er skilgreint sem félag sem hefur með höndum þá starfsemi að vátryggja áhættu einstaklinga og lögaðila, aðra en endurtryggingaráhættu, og hefur hlotið til þess starfsleyfi skv. VI. kafla laganna. Í frumvarpinu er ekki vísað til skilgreiningar laga um vátryggingastarfsemi á vátryggingafélagi, sem fram kemur í 42. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, því að hún nær bæði til frumtrygginga- og endurtryggingafélaga. Hún er því víðtækari en skilgreining reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og tilskipunar [2009/138/EB](#) á vátryggingafélagi, sem nær aðeins til frumtrygginga. Frumtryggingastarfsemi er sú starfsemi að vátryggja vátryggingaráhættu annarra en vátryggingafélaga, sbr. 19. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

73. Vátryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins: Félag sem þyrfti starfsleyfi sem vátryggingafélag ef aðalskrifstofa þess væri á Evrópska efnahagssvæðinu.

*Um 73. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 23. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *vátryggingafélagi þriðja lands* verði tekið upp í meginmál laganna. Í reglugerðinni er hugtakið skilgreint sem vátryggingafélag þriðja lands eins og það er skilgreint í 3. tölul. 13. gr. tilskipunar

[2009/138/EB](#). Þar er hugtakið skilgreint sem félag sem þyrfti starfsleyfi sem váttryggingafélag í samræmi við 14. gr. tilskipunarinnar ef aðalskrifstofa þess væri í bandalaginu. Hugtakið *váttryggingafélag utan Evrópska efnahagssvæðisins* er notað í skilgreiningu á aðila á fjármálamarkaði.

[74. Veltubók: Allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem fjármálafyrirtæki heldur, annaðhvort vegna veltuviðskipta eða til að verja stöður sem haldið er vegna veltuviðskipta í samræmi við 104. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013.](#)

*Um 74. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 86. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), með breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) [2019/876](#), á veltubók verði tekin upp í meginmál laganna.

[375. Verðbréfafyrirtæki:](#) Verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, að frátöldum lánastofnunum, staðbundnum fyrirtækjum og fyrirtækjum skv. 8. mgr. 14. gr. a.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

[76. Verðbréfuð staða: Áhættuskuldbinding vegna verðbréfunar.](#)

*Um 76. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 62. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á verðbréfaðri stöðu verði tekin upp í meginmál laganna.

[77. Verðbréfun:](#) Viðskiptasamningur eða kerfisfyrirkomulag þar sem útlánaáhætta sem tengist ákveðinni áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga er skipt í áhættulög eignasafns og hefur bæði eftirfarandi einkenni:  
a. greiðslur samkvæmt viðskiptasamningnum eða kerfisfyrirkomulaginu eru háðar afkomu og efndum af áhættuskuldbindingunni eða safni áhættuskuldbindinga,  
b. forgangsroðun áhættulaganna ákvarðar dreifingu taps á líftíma viðskiptasamningsins eða kerfisfyrirkomulagsins.

*Um 77. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 61. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á verðbréfun verði tekin upp í meginmál laganna.

[78. Viðeigandi reikningsskilaumgjörð:](#) Reikningsskilastaðlar sem gilda um fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum þessum eða reglugerð (EB) nr. 1606/2002, sbr. lög um ársreikninga.

*Um 78. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 77. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á viðeigandi reikningsskilaumgjörð verði tekið upp í meginmál laganna. Hugtakið er notað í skilgreiningu frumvarpsins á hagnaði.

[79. Viðskiptabanki:](#) Lánastofnun sem er heimilt að taka á móti innlánnum og er ekki sparisjóður.

*Um 79. tölul. a-liðar.* Lagt er til að hugtakið *viðskiptabanki* verði skilgreint. Viðskiptabankar eru ein þriggja tegunda lánastofnana, en hinar tvær tegundirnar eru sparisjóðir og lánafyrirtæki. Viðskiptabönkum svipar til sparisjóða. Um sparisjóði gilda þó sérreglur skv. VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem ekki gilda um viðskiptabanka, þar á meðal um samfélagslegt

hlutverk og ráðstöfun hagnaðar, rekstrarform og viðskipti með hluti.

80. Viðurkennd kauphöll: Kauphöll sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a. hún er skipulegur markaður eða markaður í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem telst jafngildur skipulegum markaði samkvæmt jafngildisákvörðun sem hefur verið tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið,

b. hún hefur greiðslujöfnunarkerfi þar sem daglegar kröfur um tryggingarfé vegna samninganna sem um getur í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 veita nægilega vernd að mati lögbærra yfirvalda.

*Um 80. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 72. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *viðurkenndri kauphöll* verði tekið upp í meginmál laganna. Þar er vísað til markaðar í þriðja landi sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í a-lið 4. mgr. 25. gr. tilskipunar [2014/65/ESB](#). Þar er kveðið á um að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins geti ákveðið að markaður í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins teljist jafngildur skipulegum markaði að tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Hugtakið *viðurkennd kauphöll* er notað í skilgreiningu á *endurhverfum verðbréfakaupum*.

81. Vogun: Hlutfallsleg stærð eigna, skuldbindinga utan efnahags og óvissra skuldbindinga um að greiða, afhenda eða veita tryggingu, þ.m.t. skuldbindingar sem leiða af mótttekinni fjármögnun, skuldbindingum sem gengist hefur verið í, afleiðum eða endurhverfum verðbréfakaupum, en að undanskildum skuldbindingum sem einungis er hægt að framfylgja komi til slita á fjármálafyrirtæki, samanborið við eiginfjárgrunn þess fjármálafyrirtækis.

*Um 81. tölul. a-liðar.* Lagt er til að skilgreining 93. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *vogun* verði tekin upp í meginmál laganna.

82. Yfíráð: Tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis.

*Um 82. tölul. a-liðar.* Lagt er til að efni skilgreiningar 37. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á *yfíráðum* verði tekið upp í meginmál laganna. Þar eru *yfíráð* skilgreind sem tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar [83/349/EBE](#) eða reikningsskilastöðlum sem fjármálafyrirtæki fellur undir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [1606/2002](#) frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og fyrirtækis. Tilskipun [83/349/EBE](#) var felld brott með tilskipun [2013/34/ESB](#). Tilskipun [2013/34/ESB](#) er innleidd hér á landi með lögum um ársreikninga, nr. [3/2006](#). Í 4. og 29. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga eru *dóttur- og móðurfélög* skilgreind þannig að dótturfélög séu félög sem móðurfélög hafi yfíráð yfir. Í 48. tölul. sömu greinar eru *yfíráð* skilgreind þannig að þau hafi sömu merkingu og samkvæmt viðeigandi alþjóðlegum reikningsskilastaðli sem settur er á grundvelli reglugerðar (EB) nr. [1606/2002](#) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt.

**5283.** *Priðjaríkissamstæða:* Samstæða þar sem móðurfélagið er með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

*Um 1., 18., 20., 22., 24., 27., 29., 31., 32., 35., 37., 45., 53., 64., 70., 71., 75. og 83. tölul. a-liðar.* Töluliðirnir eru samhljóða gildandi töluliðum í 1. mgr. 1. gr. b laganna. Röð þeirra er þó breytt til að orðskýringar málsgreinarinnar verði í stafrófsröð. Það er talið æskilegt í ljósi verulega aukins fjölda orðskýringa.

Önnur hugtök hafa í lögum þessum þá merkingu sem í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) greinir.

*Um b-lið.* Sem fyrr greinir er lagt til að efni orðskýringa reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á hugtökum sem notuð eru í meginmáli laganna verði tekið upp í 1. gr. b laganna. Af því leiðir að vísun 2. mgr. greinarinnar til orðskýringa reglugerðarinnar verður ofaukið. Því er lagt til að hún falli brott.

**14. gr.** *Stofnframlag lánastofnunar.*

...

Ráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum samkvæmt þessari grein með reglugerð til samræmis við [undirframseldar reglugerðir og framkvæmdarreglugerðir skv. 1. mgr. 117. gr. a sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stöð í 146. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.](#)

Lagt er til að framsetningu 7. mgr. 14. gr. og 14. mgr. 14. gr. a laganna verði breytt þannig að ekki verði vísað til tilskipunar [2013/36/ESB](#). Um nánari skýringar vísast til skýringa við 33. gr. frumvarpsins um fyrirhugaðar breytingar á 117. gr. a laganna.

**14. gr. a.** *Stofnframlag verðbréfafyrirtækja og skyldra fyrirtækja.*

...

Ráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum samkvæmt þessari grein með reglugerð til samræmis við [undirframseldar reglugerðir og framkvæmdarreglugerðir skv. 1. mgr. 117. gr. a sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stöð í 146. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.](#)

-"-

**21. gr.** *Önnur þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi.*

...

Lánastofnunum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins að taka að sér að veita pósthjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Þeim er enn fremur heimilt að veita þjónustu í umboði annarra, svo sem váttryggingafélaga, [endurtryggingafélaga](#), lífeyrissjóða og annarra fjármálafyrirtækja, enda telji Fjármálaeftirlitið þá starfsemi hvorki skerða möguleika þeirra til þess að veita þjónustu samkvæmt starfsleyfi sínu né skerða möguleika þess til að hafa eftirlit með starfseminni. Skal Fjármálaeftirlitinu tilkynnt fyrir fram um áform viðkomandi svo að mat þess geti legið fyrir áður en veiting þjónustunnar hefst.

Váttryggingafélag í skilningi laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, er frumtryggingafélag eða endurtryggingafélag. Samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins á váttryggingafélagi, sem byggist á skilgreiningu reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), nær hugtakið aftur á móti aðeins til frumtryggingafélaga. Með tilliti til þess er lagt til að vísunum til endurtryggingafélaga verði bætt við 3. mgr. 21. gr., 23. gr., 2. mgr. 42. gr. a og 2. mgr. 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sem vísa nú til váttryggingafélaga, þannig að ákvæðin nái líka til endurtryggingafélaga. Ekki er lagt til að vísunum til endurtryggingafélaga verði bætt við 2. mgr. 2. gr., 109. gr. f, 7. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa eða 109. gr. bb laganna þótt þar sé vísað til váttryggingafélaga því að þau ákvæði byggjast á

	<p>ákvæðum í tilskipun <a href="#">2013/36/ESB</a> sem vísa ekki til endurtryggingafélaga.</p>
<p>■ <b>23. gr.</b> Heimildir til váttryggingastarfsemi.</p> <p><input type="checkbox"/> Viðskiptabönkum, sparisjóðum með stofnframlag skv. 1. mgr. 14. gr. og lánafyrirtækjum er heimilt að reka váttryggingafélag <a href="#">eða endurtryggingafélag</a> í sérstöku félagi.</p>	<p>-"-</p>
<p>■ <b>29. gr. a.</b> Lánveitingar, þar á meðal til venslaðra aðila.</p> <p>...</p> <p><input type="checkbox"/> <del>Seðlabanki Íslands setur reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni og í mati á eiginfjárbörf til að tryggja að ekki sé hætt á að lánveitingin skapi kerfislega áhættu í fjármálakerfinu. Reglurnar taki einnig til þess með hvaða hætti meta skal lán sem eru tryggð með veði í eignasöfnum, svo sem vörslureikningum og verðbréfasjóðum, sem innihalda hlutabréf eða stofnfjárbréf, hvort sem þau eru útgefin af fjármálafyrirtækinu sjálfu eða öðrum fjármálafyrirtækjum, þannig að samræmist ákvæðum 1. mgr. og 1. másl. þessarar málsgreinar.</del></p> <p>...</p>	<p>Í 4. mgr. 29. gr. a laga um fjármálafyrirtæki er Seðlabanka Íslands falið að setja reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis komi til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni og í mati á eiginfjárbörf og með hvaða hætti meta skuli lán sem eru tryggð með veði í eignasöfnum, svo sem vörslureikningum og verðbréfasjóðum, sem innihalda hlutabréf eða stofnfjárbréf. Slíkar reglur hafa ekki verið settar. Þær eru nú ónauðsynlegar því að reglugerð (ESB) nr. <a href="#">575/2013</a>, sem hefur lagagildi skv. 1. gr. c laganna, hefur að geyma fyrirmæli um sömu atriði. Því er lagt til að málsgreinin verði felld brott.</p>
<p>■ <b>31. gr. a.</b> Mikilvægt útibú erlends fjármálafyrirtækis á Íslandi.</p> <p>...</p> <p><input type="checkbox"/> Fjármálaeftirlitið skal <del>leitast viðgera allt sem í valdi þess stendur til</del> að komast að sameiginlegri niðurstöðu með viðkomandi yfirvaldi um hvort útibú teljist mikilvægt. Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni frá Fjármálaeftirlitinu skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið ákveða innan næstu tveggja mánaða hvort útibúið teljist mikilvægt. Við ákvörðunina skal það taka tillit til skoðana og fyrirvara viðkomandi yfirvalds. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja ákvörðunina og senda viðkomandi yfirvaldi.</p> <p>...</p>	<p>Í 2. mgr. 31. gr. a laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu með lögbæru yfirvaldi erlends fjármálafyrirtækis sem starfrækir útibú hér á landi um hvort útibúið sé mikilvægt. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemd við orðin „leitast við“ þar sem í 3. undirgr. 1. mgr. 51. gr. tilskipunar <a href="#">2013/36/ESB</a>, sem ákvæðið byggist á, eru notuð orðin „gera allt sem í þeirra valdi stendur“. Til að bregðast við athugasemdinni er lagt til að orðunum „leitast við“ verði skipt út fyrir „gera allt sem í valdi þess stendur til“.</p>
<p>■ <b>42. gr. a.</b> Mat á hæfi.</p> <p>...</p> <p><input type="checkbox"/> Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki, váttryggingafélag, <a href="#">endurtryggingafélag</a> eða rekstrarfélag verðbréfasjóða með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við</p>	<p>Váttryggingafélag í skilningi laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, er frumtryggingafélag eða endurtryggingafélag. Samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins á váttryggingafélagi, sem byggist á skilgreiningu reglugerðar (ESB) nr. <a href="#">575/2013</a>, nær hugtakið aftur á móti aðeins til frumtryggingafélaga. Með tilliti til þess er lagt til að vísunum til endurtryggingafélaga verði bætt við 3. mgr. 21.</p>

viðeigandi lögbær yfirvöld við mat sitt. Fjármálaeftirlitið skal að eigin frumkvæði veita viðkomandi yfirvöldum upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir mat þeirra og verða ~~án ástæðulausrar tafar~~ við óskum um frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir matið. Upplýsingarnar skulu veittar án ástæðulausrar tafar. Fjármálaeftirlitið skal, þegar það tilkynnir þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut um niðurstöðu mats síns, greina frá þeim sjónarmiðum og fyrirvörum sem lögbært yfirvald þess hins sama hefur látið í ljós við samráðið.

gr., 23. gr., 2. mgr. 42. gr. a og 2. mgr. 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sem vísa nú til váttryggingafélaga, þannig að ákvæðin nái líka til endurtryggingafélaga. Ekki er lagt til að vísunum til endurtryggingafélaga verði bætt við 2. mgr. 2. gr., 109. gr. f, 7. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa eða 109. gr. bb laganna þótt þar sé vísað til váttryggingafélaga því að þau ákvæði byggjast á ákvæðum í tilskipun 2013/36/ESB sem vísa ekki til endurtryggingafélaga.

Í 2. másl. 2. mgr. 42. gr. a laga um fjármálafyrirtæki segir að Fjármálaeftirlitið skuli að eigin frumkvæði veita viðkomandi yfirvöldum upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir tiltekið mat þeirra og verða án ástæðulausrar tafar við óskum um frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir matið. Með tilliti til athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA er lagt til að fyrirmæli um að Fjármálaeftirlitið skuli veita upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar verði færð í sér málslið til að skýra að þau eigi ekki aðeins við um upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið veitir öðrum yfirvöldum að þeirra ósk heldur einnig upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið veitir að eigin frumkvæði.

Með tilliti til athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA er einnig lagt til að þau fyrirmæli sem nú eru í 2. másl. 2. mgr. 43. gr. laganna, um að Fjármálaeftirlitið skuli greina aðila sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í lánastofnun frá sjónarmiðum og fyrirvörum sem lögbært yfirvald viðkomandi hefur látið í ljós við samráð, verði færð aftast í 2. mgr. 42. gr. a. Með því móti eiga fyrirmælin ekki aðeins við þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um að hann teljist ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut heldur einnig þegar það tilkynnir aðila um að hann teljist hæfur til þess.

■ **43. gr.** Tilkynning til aðila sem telst ekki hæfur.

...

□ Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir og innan mats tímabils skv. 3. mgr. 42. gr. Í niðurstöðunni skal greint frá sjónarmiðum og fyrirvörum sem lögbært yfirvald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur látið í ljós við samráð skv. 2. mgr. 42. gr. a.

-"-

■ **49. gr. b.** Skylda til að sækja um samþykki.

Lagt er til að í stað orðanna „skilaeining“ og „samstæðu innan skilameðferðar“ í 2. tölul. 2.

...

2. Það hefur ekki verið tilgreint sem skilaaðili~~ning~~ í neinni skilasmstæðu innan skilameðferðar samstæðu í samræmi við skilastefnuna sem skilavaldið hefur ákvarðað samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

...

■ **49. gr. e. Samráð eftirlitsaðila.**

...

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða skal Fjármálaeftirlitið bíða með að taka ákvörðun og vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#) eða 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1094/2010](#), sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skal taka sameiginlega ákvörðun með hinu stjórnvaldinu í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Fjármálaeftirlitið skal ekki vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA eftir lok tveggja mánaða tímabilsins eða eftir að náðst hefur sameiginleg ákvörðun.

■ **49. gr. i. Tvö milligöngumóðurfélög innan EES.**

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtækjum skv. 1. mgr. 49. gr. h að hafa tvö milligöngumóðurfélög á Evrópska efnahagssvæðinu ef stofnsetning eins milligöngumóðurfélags:

a. samræmdist ekki reglum eða kröfum eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem endanlegt móðurfélag þriðjaríkissamstæðunnar hefur aðalskrifstofu sína um aðgreiningu starfsemi, eða

b. gerði skilabærni óskilvirkari en ef um væri að ræða tvö milligöngumóðurfélög að mati lögbærs skilastjórnvalds milligöngumóðurfélagsins á Evrópska efnahagssvæðinu.

■ **52. gr. a. Önnur störf stjórnarmanna.**

...

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars

mgr. 49. gr. b laganna komi „skilaaðili“ og „skilasmstæðu“ til að gæta samræmis við orðanotkun í skilgreiningum á hugtökunum í frumvarpinu.

Í 2. mgr. 49. gr. e laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að tilteknum ágreiningi eftirlitsstjórnvalda skuli vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á. Í ákvæðinu er vísað til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [1093/2010](#) frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. [716/2009/EB](#) og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar [2009/78/EB](#), sem varðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, en þar vantar vísun til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [1094/2010](#) frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. [716/2009/EB](#) og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar [2009/79/EB](#), sem varðar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina. Lagt er til að henni verði bætt við.

Lagt er til í stað orðsins „skilavalds“ í b-lið 49. gr. i laga um fjármálafyrirtæki komi „skilastjórnvalds“ til að gæta samræmis við orðanotkun í skilgreiningu á hugtakinu *skilastjórnvald* í frumvarpinu. Ráðgert er að áfram verði notað orðið *skilavald* í lögnum þar sem átt er við skilavald Seðlabanka Íslands.

Váttryggingafélag í skilningi laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, er frumtryggingafélag eða endurtryggingafélag. Samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins á váttryggingafélagi, sem byggist á skilgreiningu

fjármálafyrirtækis, váttryggingafélags, [endurtryggingafélags](#) eða fjármálasamsteypu eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda aðila ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu fjármálafyrirtækisins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gildir um lögmann móðurfélags.

...

■ **52. gr. e. Tilkynning um brot gegn varfærniskröfum og um að fyrirtæki sé á fallanda fæti.**

Stjórn eða framkvæmdastjóri skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar uppfylli fjármálafyrirtæki ekki þær varfærniskröfur sem kveðið er á um í lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Stjórn eða framkvæmdastjóri skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar ef líklegt er að fjármálafyrirtæki muni á næstu tólf mánuðum ekki uppfylla þær varfærniskröfur sem kveðið er á um í lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum. Stjórn fjármálafyrirtækis skal greina Fjármálaeftirlitinu frá því til hvaða ráðstafana hún hyggst grípa til að koma starfsemi í lögmaett horf. Stjórn lánastofnunar, verðbréfafyrirtækis, fjármálastofnunar eða eignarhaldsfélaga sem falla undir gildissvið laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja skal þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef líkur eru á að fyrirtækið teljist vera á fallanda fæti í skilningi þeirra laga.

**Er tilkynning berst skv. 1. málsl. 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita fjármálafyrirtæki frest í allt að sex mánuði til að koma starfsemi í lögmaett horf. Séu til þess ríkar ástæður er Fjármálaeftirlitinu heimilt að framlengja þann frest í allt að sex mánuði í viðbót.**

**Er tilkynning berst skv. 1. og 2. málsl. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að stjórn fjármálafyrirtækis afhendi greinargerð og önnur gögn um úrbætur og ráðstafanir á grundvelli 1. mgr. Greinargerð og gögnum skal skilað til Fjármálaeftirlitsins innan tímamarka sem Fjármálaeftirlitið ákveður.**

**Ákvæði þetta takmarkar á engan hátt aðrar heimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. heimildir í 9. gr., 107. gr. a—107. gr. e og XII. kafla.**

Ef Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning skv. 4. málsl. 1. mgr. skal það upplýsa skilavaldið um tilkynninguna og

reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), nær hugtakið aftur á móti aðeins til frumtryggingafélaga. Með tilliti til þess er lagt til að vísunum til endurtryggingafélaga verði bætt við 3. mgr. 21. gr., 23. gr., 2. mgr. 42. gr. a og 2. mgr. 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sem vísa nú til váttryggingafélaga, þannig að ákvæðin nái líka til endurtryggingafélaga. Ekki er lagt til að vísunum til endurtryggingafélaga verði bætt við 2. mgr. 2. gr., 109. gr. f, 7. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa eða 109. gr. bb laganna þótt þar sé vísað til váttryggingafélaga því að þau byggjast á ákvæðum í tilskipun [2013/36/ESB](#) sem vísa ekki til endurtryggingafélaga.

Í 1. mgr. 52. gr. e laga um fjármálafyrirtæki er ákvæði um skyldu stjórnar og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um brot gegn varfærniskröfum og um að fyrirtæki sé á fallanda fæti. Í 2. og 3. mgr. greinarinnar er Fjármálaeftirlitinu heimilað að veita fjármálafyrirtæki frest til að koma starfsemi í lögmaett horf og til að krefjast greinargerðar og annarra gagna frá fyrirtækinu um ráðstafanir til úrbóta. Í 4. mgr. greinarinnar er áréttað að ákvæðin takmarki ekki aðrar heimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögnum.

Í 107. gr. a laganna eru ítarleg ákvæði um hvað Fjármálaeftirlitið skuli gera ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæla eða líklegt er að það muni ekki gera það á næstu 12 mánuðum sem byggjast á tilskipun [2013/36/ESB](#). Þar er m.a. kveðið á um að Fjármálaeftirlitið skuli krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta og um að Fjármálaeftirlitið geti krafist þess að fjármálafyrirtæki leggi fram áætlun þar að lútandi. Með tilliti til þess er 2. og 3. mgr. 52. gr. e laganna ofaukið og því er lagt til að þær falli brott. Af brottfalli þeirra leiðir að áréttung 4. mgr. greinarinnar verður óþörf og því er einnig lagt til að hún falli brott. Með brottfalli ákvæðanna í 52. gr. e laganna verður skýrara að Fjármálaeftirlitið skuli fara eftir ákvæðum 107. gr. a ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki ákvæði laga eða stjórnvaldsfyrirmæla eða líklegt er að það muni ekki gera það á næstu 12 mánuðum.



aðgerðir skv. 82. gr. c og 107. gr. a – 107. gr. e ef það hefur gripið eða hyggst grípa til þeirra.

■ **57. gr.** Viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna við fjármálafyrirtæki.

□ Fjármálafyrirtæki skal varðveita gögn um lán til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og gera þau aðgengileg Fjármálaeftirlitinu óski það eftir því. Sama gildir um lán til maka, barna og foreldra stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra og fyrirtækja sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á Fjármálafyrirtæki skal setja reglur um viðskipti sín við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn og senda Fjármálaeftirlitinu afrit af reglum innan 14 daga frá því að þær eru staðfestar af stjórn. Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við stjórnarmann eða framkvæmdastjóra er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um maka, börn og foreldra stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis og fyrirtæki sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á.

□ Um viðskipti fjármálafyrirtækis og starfsmanna þess, eða aðila í nánnum tengslum við þá, fer samkvæmt reglum sem stjórn fjármálafyrirtækis setur og birtar skulu opinberlega. Skulu þau lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

Í 1. mgr. 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki segir að fjármálafyrirtæki skuli setja reglur um viðskipti sín við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn. Samningar um lán og sambærileg viðskipti við stjórnarmann eða framkvæmdastjóra sé háður samþykki stjórnar og skuli tilkynntir Fjármálaeftirlitinu. Þá segir að ákvæðið gildi einnig um maka, börn og foreldra stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis og fyrirtæki sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á.

Af hálfu fjármálafyrirtækja hefur komið fram að af ákvæðinu leiði að viðskipti við allstóran hóp þurfi að fara fyrir stjórn og vera tilkynnt Fjármálaeftirlitinu, jafnvel þótt um sé að ræða hefðbundin viðskipti á sömu kjörum og standa almennum viðskiptavinum til boða. Það feli í sér íþyngjandi kröfu sem gangi mun lengra en tilskipun [2013/36/ESB](#) áskilji, en í 4. og 5. undirgr. 1. mgr. 88. gr. tilskipunarinnar er aðeins áskilið að fjármálafyrirtæki varðveiti gögn um lán til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og tengdra aðila og geri þau aðgengileg eftirlitsyfirvaldi óski það eftir því.

Í 3. mgr. 55. gr. og 2. mgr. 57. gr. laganna eru ákvæði um viðskipti fjármálafyrirtækja við stjórnarmenn og starfsmenn, þar á meðal framkvæmdastjóra, og aðila sem þeim tengjast. Viðskiptaerindi stjórnarmanna þurfa að meginreglu til að fara fyrir stjórn eða stjórnarformann til samþykktar eða synjunar skv. 3. mgr. 55. gr. Stjórn fjármálafyrirtækis er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, og þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur. Í 2. mgr. 57. gr. segir að um viðskipti við starfsmenn og aðila í nánnum tengslum við þá skuli fara samkvæmt reglum sem stjórn setur og birtir opinberlega. Skuli þau lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

Með tilliti til þessara ákvæða er ekki talin þörf á jafn víðtæku ákvæði og nú er í 1. mgr. 57. gr.

■ **57. gr. b. Kaupauki.**

...

**Afvaxta má A** allt að fjórðungur kaupauka ~~má bera vexti~~ að því tilskildu að hann sé greiddur með gerningum sem er haldið eftir í a.m.k. fimm ár.

...

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um kaupaukakerfi. Í reglunum má m.a. kveða á um skilgreiningu fastra starfskjara og kaupauka, markmið kaupaukakerfis, árangurs- og áhættumat, innra eftirlit, ráðningarkaupauka, frestun, lækkun, afturköllun eða endurkröfu kaupauka, ~~vexti~~ afvöxtun skv. 3. mgr. og upplýsingagjöf og gagnsæi.

■ **57. gr. f. Upplýsingar um starfskjör.**

Fjármálaeftirlitið skal safna upplýsingum:

1. Sem birtar eru í samræmi við g-i- og k-lið 1. mgr. 450. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og upplýsingum sem fjármálafyrirtæki veita um mun á launum kynjanna og nýta þær upplýsingar til viðmiðunar um starfskjarapróun og -framkvæmd.

2. Um fjölda einstaklinga í hverju fjármálafyrirtæki sem fá jafnvirði 1 millj. evra eða meira í laun á hverju reikningsári og um starfsskyldur þeirra, þau rekstrarsvið sem þeir starfa við og helstu þætti starfskjara þeirra, þar á meðal föst starfskjör, kaupauka og lífeyrisframlög.

Fjármálaeftirlitið skal senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar skv. 1. mgr.

Eftirfarandi aðilar teljast a.m.k. hafa marktæk áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis skv. 450. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

a. stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og stjórnendur sem svara beint til framkvæmdastjóra,

b. starfsmenn sem stýra eftirlitseiningum eða mikilvægum rekstrareiningum,

c. starfsmenn sem gegna störfum innan mikilvægra rekstrareininga sem hafa veruleg áhrif á áhættusnið þeirra eininga og sem áttu á undangengnu reikningsári rétt á launagreiðslum sem voru a.m.k. jafnvirði 500 þús. evra og a.m.k. jafn háar og meðallaunagreiðslur fyrirtækisins til einstaklinga skv. a-lið.

laganna. Því er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að það endurspegli aðeins efni 4. og 5. undirgr. 1. mgr. 88. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#).

57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki takmarkar kaupaukagreiðslur fjármálafyrirtækja. Skv. 3. mgr. greinarinnar má allt að fjórðungur kaupauka bera vexti að því tilskildu að hann sé greiddur með gerningum sem er haldið eftir í a.m.k. fimm ár. Málsgreinin byggist á iii-lið g-liðar 1. mgr. 94. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#). Þar er þó rætt um afvöxtun en ekki ávöxtun. Til að gæta betur samræmis við tilskipunarákvæðið er lagt til að 3. mgr. 57. gr. b laganna verði breytt þannig að þar segi að afvaxta megi allt að fjórðung kaupauka fremur en að allt að fjórðungur kaupauka megi bera vexti. Því til samræmis er lagt til að í lokamálsgrein greinarinnar verði Seðlabankanum heimilað að setja reglur um afvöxtun skv. 3. mgr. frekar en vexti skv. 3. mgr. Nánar er fjallað um afvöxtunina í [viðmiðunarreglum Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar EBA/GL/2014/01](#) frá 27. mars 2014.

Í 450. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), sem hefur lagagildi skv. 1. gr. c laga um fjármálafyrirtæki, er fjármálafyrirtækjum falið að birta upplýsingar um launakjarastefnu og -venjur vegna þeirra hópa starfsfólks sem hefur við störf sín marktæk áhrif á áhættusnið fyrirtækjanna. Útfært er í 3. mgr. 92. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#) og í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [2021/923](#) frá 5. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2013/36/ESB](#) að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram viðmið til að skilgreina stjórnendaábyrgð, eftirlitssvið, mikilvægar rekstrareiningar og veruleg áhrif á áhættusnið mikilvægrar rekstrareiningar, og sett eru fram viðmið til að auðkenna starfsfólk eða flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur áhrif á áhættusnið stofnunarinnar sem er sambærilegt við veruleg áhrif starfsfólks eða flokka starfsfólks sem um getur í 3. mgr. 92. gr. þessarar tilskipunar, sem var samþykkt á grundvelli tilskipunarinnar, hvaða hópar starfsfólks teljist hafa við störf sín marktæk áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis. Meðal þeirra eru æðstu stjórnendur og starfsmenn sem stýra eftirlitseiningum eða mikilvægum rekstrareiningum.

[Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um hvaða hópar starfsfólks teljast við störf sín hafa marktæk áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis.](#)

Lagt er til að viðmið 3. mgr. 92. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#) verði tekin upp í nýja 3. mgr. í 57. gr. f laga um fjármálafyrirtæki sem varðar upplýsingar um starfskjör. Þá er lagt til að í nýrri 4. mgr. verði Seðlabankanum falið að setja nánari reglur um hvaða hópar starfsfólks teljast við störf sín hafa marktæk áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis. Það gerir honum kleift að innleiða framselda reglugerð (ESB) [2021/923](#).

■ **77. gr. a.** *Eftirlitskerfi með áhættu.*

...

Grein þessi gildir um móðurstofnanir í aðildarríkjum að því marki sem leiðir af 2. og 3. þætti 2. kafla II. bálks 1. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Dótturfélag sem er fjármálafyrirtæki skal fara eftir grein þessari á undirsamstæðugrunni ef það, eða móðurfélag þess ef það er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, hefur dóttur- [eða hlutdeildar](#) félag í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er fjármálafyrirtæki, fjármálastofnun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða [eða á hlutdeild í slíku félagi](#).

...

Í 2. másl. 5. mgr. 77. gr. a laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að tiltekin félög sem hafi tiltekin önnur félög að dótturfélagi eða eigi hlutdeild í slíkum félögum skuli fara eftir greininni á undirsamstæðugrunni. Í málsliðnum var 4. mgr. 108. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#) innleidd. Þar er rætt um hlutdeild í öðru félagi. *Hlutdeild* er skilgreind í 32. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Efni skilgreiningarinnar endurspeglast í skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. b laganna á *hlutdeildarfélagi*. Með tilliti til þess er lagt til að í 2. másl. 5. mgr. 77. gr. a laganna verði notað hugtakið *hlutdeildarfélag* í stað *hlutdeildar*.

■ **78. gr. d.** *Áhætta vegna verðbréfunar.*

Fjármálafyrirtæki skal, m.a. með stefnu og ferlum, meta og meðhöndla áhættu, þ.m.t. orðsporsáhættu, vegna verðbréfunar, þar sem fyrirtækið er fjárfestir, [útgefandi upphafsaðili](#) eða umsýsluaðili slíkra gerninga. Fjármálafyrirtæki skal jafnframt tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endurspeglar að fullu í áhættumati og ákvörðunum stjórnenda.

Fjármálafyrirtæki sem er [útgefandi upphafsaðili](#) verðbréfunar á áhættuskuldbindingum vegna veltufjármögnunar með ákvæðum um heimild til greiðslu fyrir gjalddaga skal hafa til staðar lausafjárátelun þar sem tekið er tillit til áætlaðra afborgana og afborgana fyrir gjalddaga.

...

Lagt er til í stað orðsins „útgefandi“ í 1. og 2. mgr. 78. gr. d laga um fjármálafyrirtæki komi „upphafsaðili“ til að gæta samræmis við orðanotkun í skilgreiningu á hugtakinu í frumvarpinu.

■ **78. gr. f.** *Vaxtaáhætta vegna viðskipta utan veltubókar.*

Fjármálafyrirtæki skal, með innri ferlum eða staðlaðri aðferð eða einfaldaðri staðlaðri aðferð í samræmi við reglur skv. [497](#). tölul. 1. mgr. 117. gr. b, greina, meta, stýra og milda áhættu vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á bæði hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur vegna viðskipta utan veltubókar. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fyrirtækið noti stöðluðu aðferðina ef innri ferlar fyrirtækisins eru ekki fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að lítið

Lögð er til breyting á vísun til 1. mgr. 117. gr. b til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á þeirri málsgrein í 34. gr. frumvarpsins.

og einfalt fjármálafyrirtæki, sbr. 145. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), noti stöðluðu aðferðina ef einfaldaða staðlaða aðferðin mætir ekki nægjanlega vaxtaáhættu vegna viðskipta fyrirtækisins utan veltubókar.

...

**■ 78. gr. i.** ~~Áhætta vegna óhóflegrar vogunar~~ Hætta á of mikilli vogun.

Fjármálafyrirtæki skal hafa stefnu og ferla til að greina, stýra og vakta ~~áhættu sem hlýst af óhóflegri vogun~~ hætta á of mikilli vogun. Á meðal áhættuvísa um hætta á of mikilli vogun ~~óhóflega vogun~~ er útreikningur vogunarhlutfalls og misræmi á milli eigna og skuldbindinga fjármálafyrirtækis.

Fjármálafyrirtæki skal meðhöndla hætta á of mikilli vogun ~~áhættu vegna óhóflegrar vogunar~~ með varfærnum hætti og taka tillit til mögulegrar aukinnar áhættu vegna lækkunar á eigin fé vegna vænts eða innleysts taps í samræmi við gildandi reikningsskilareglur. Í því augnamiði skal fjármálafyrirtæki geta staðið af sér ólíka álagsatburði sem tengdir eru hætta á of mikilli vogun ~~áhættu af óhóflegri vogun~~.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um meðhöndlun hætta á of mikilli vogun ~~áhættu vegna óhóflegrar vogunar~~ og útfæra nánar skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt þessari grein.

**■ 81. gr.** *Tæknileg viðmið vegna könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins.*

...

Við könnun og mat skal Fjármálaeftirlitið athuga áhrif vaxtaáhættu vegna liða utan veltubókar. Fjármálaeftirlitið skal beita heimildum skv. 107. gr. a eða krefjast breytinga á forsendum við mat á áhrifum vaxtabreytinga á hagrænt virði eigin fjár fjármálafyrirtækis, eins og það er reiknað skv. 78. gr. f, öðrum en þeim forsendum sem greinir í reglum skv. ~~127~~ tölul. 1. mgr. 117. gr. b, ef skyndileg og óvænt breyting á vöxtum hefur þau áhrif að hagrænt virði eigin fjár fyrirtækisins lækkar um meira en 15% af eiginfjárþætti 1 samkvæmt einhverri af sex áfallasviðsmyndum eftirlitsaðila eða að hreinar vaxtatekjur fyrirtækisins lækka verulega samkvæmt annarri af tveimur áfallasviðsmyndum eftirlitsaðila. Fjármálaeftirlitinu er það þó ekki skylt ef það telur, á grundvelli könnunarinnar og matsins, að stýring fyrirtækisins á vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar sé fullnægjandi og að áhættan sé ekki óhófleg.

Við könnun og mat skal Fjármálaeftirlitið meta hætta á of mikilli vogun ~~áhættu vegna óhóflegrar vogunar~~

Lagt er til að óhóflegri vogun og áhættu vegna hennar í 78. gr. i, 6. mgr. 81. gr. og 7. mgr. 107. gr. a laganna verði breytt í hætta á of mikilli vogun til að gæta samræmis við orðanotkun í skilgreiningu á hugtakinu í frumvarpinu.

*Um a-lið.* Lögð er til breyting á vísun til 1. mgr. 117. gr. b til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á þeirri málsgrein í 34. gr. frumvarpsins.

*Um b-lið.* Lagt er til að óhóflegri vogun og áhættu vegna hennar í 78. gr. i, 6. mgr. 81. gr. og 7. mgr. 107. gr. a laganna verði breytt í hætta á of mikilli vogun til að gæta samræmis við orðanotkun í skilgreiningu á hugtakinu í frumvarpinu.

fjármálafyrirtækis, m.a. með hliðsjón af vogunarhlutfalli þess skv. 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#). Við mat Fjármálaeftirlitsins á kerfum og ferlum fjármálafyrirtækis til að stýra [hættu á of mikilli vogun](#) ~~áhættu vegna vogunar~~ skal einnig taka mið af viðskiptalíkani fjármálafyrirtækisins.

...

■ **101. gr.** *[Skilyrði og upphaf slitameðferðar.*

...

Fjármálafyrirtæki skal tekið til slita:

1. eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins hafi það afturkallað starfsleyfi fyrirtækisins eða synjað því um frest ~~skv. 2. mgr. 52. gr. e til að auka eigið fé sitt yfir það lágmark sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013~~ eða ef frestur ~~samkvæmt því ákvæðisem Fjármálaeftirlitið hefur veitt til þess~~ er á enda án þess að fyrirtækið hafi aukið eigið fé sitt fram yfir það lágmark ~~sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,~~

...

Við slit fjármálafyrirtækis skal frestdagur ákveðinn eftir sömu reglum og gilda við gjaldþrotaskipti, en þó þannig að hann getur jafnframt ráðist af þeim degi sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt fyrirtækinu frest ~~skv. 2. mgr. 52. gr. e til að auka eigið fé sitt yfir það lágmark sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,~~ það hefur verið tekið til skilameðferðar skv. 35. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja eða ella af því að héraðsdómi berst krafa um slit skv. 2. mgr. ef ekkert hefur áður gerst til að marka frestdag.

...

■ **107. gr.** *Eftirlitsskyld starfsemi og heimildir til að afla upplýsinga.*

...

[Lánastofnun skal svo fljótt sem kostur er á upplýsa Fjármálaeftirlitið um breytingar á nánnum tengslum sínum við aðra aðila.](#)

Í 1. tölul. 2. mgr. og 5. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki er vísað til fresta skv. 2. mgr. 52. gr. e laganna sem lagt er til að falli brott í frumvarpinu. Til að taka mið af því er lagt til að í stað vísana til fresta skv. 2. mgr. 52. gr. e verði mælt fyrir um frest fjármálafyrirtækis til að auka eigið fé umfram það lágmark sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#).

Fjármálaeftirlitið þarf að búa yfir upplýsingum um nán tengsl lánastofnana við aðra lögaðila eða einstaklinga, m.a. vegna þess að Fjármálaeftirlitið getur skv. 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki afturkallað starfsleyfi lánastofnunar ef nán tengsl hindra eftirlit þess. Í 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. [87/1998](#), er Fjármálaeftirlitinu falið að kalla eftir þeim upplýsingum sem það þarf frá eftirlitsskyldum aðilum í þágu eftirlits. Af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA hefur komið fram að æskilegt gæti þó verið að lög kvæðu afdráttarlaust á um skyldu lánastofnana til að upplýsa Fjármálaeftirlitið að eigin frumkvæði um breytingar á nánnum tengslum sínum. Lagt er til að málsgrein þess efnis verði bætt við 107. gr. laganna sem varðar

<p>■ <b>107. gr. a. Valdheimildir vegna eftirlits.</b></p> <p>...</p> <p><input type="checkbox"/> Eigið fé til að mæta kröfu um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. vegna <a href="#">hættu á of mikilli vogun óhóflegar vogunar</a> skal samanstanda af eiginfjárfætti 1.</p> <p>...</p>	<p>eftirlitsskylda starfsemi og heimildir til að afla upplýsinga.</p> <p>Lagt er til að óhóflegri vogun og áhættu vegna hennar í 78. gr. i, 6. mgr. 81. gr. og 7. mgr. 107. gr. a laganna verði breytt í hættu á of mikilli vogun til að gæta samræmis við orðanotkun í skilgreiningu á hugtakinu í frumvarpinu.</p>
<p>■ <b>109. gr. y. Staðreynsla upplýsinga.</b></p> <p><input type="checkbox"/> Fjármálaeftirlitið skal að ósk annars lögbærs yfirvalds staðreyna upplýsingar frá innlendu fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, fjármálastofnun, félagi í <a href="#">hliðarviðbótar</a>starfsemi, blönduðu eignarhaldsfélagi eða dótturfélagi skv. 109. gr. i eða 109. gr. bb, enda hafi Fjármálaeftirlitið heimild til þess. Fjármálaeftirlitið getur leyft viðkomandi yfirvaldi að staðreyna upplýsingarnar sjálf eða falið endurskoðanda eða öðrum sérfræðingi að gera það. Fjármálaeftirlitið getur farið fram á hið sama við annað lögbært yfirvald vegna erlends aðila skv. 1. málsl. eftir því sem við á.</p>	<p>Lagt er til að „félagi í hliðarstarfsemi“ í 109. gr. y laganna verði breytt í „félagi í viðbótarstarfsemi“ til að gæta samræmis við skilgreiningu á hugtakinu í frumvarpinu. Í tilskipun <a href="#">2013/36/ESB</a> er notað orðið hliðarstarfsemi en í reglugerð (ESB) nr. <a href="#">575/2013</a> við orðið viðbótarstarfsemi. Þar sem skilgreiningin í frumvarpinu byggist á reglugerðinni þykir rétt að nota sama orð og er notað þar.</p>
<p>■ <b>110. gr. Stjórnvaldssektir.</b></p> <p><input type="checkbox"/> Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:</p> <p>...</p> <p>39. 57. gr. um <a href="#">viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna við fjármálafyrirtækistarfsreglur</a></p> <p>...</p>	<p>Lagðar eru til breytingar á 39. tölul. 1. mgr. 110. gr. og 20. tölul. 1. mgr. 112. gr. b laganna til að taka mið af fyrirhugaðri breytingu á 1. mgr. 57. gr. laganna í 19. gr. frumvarsins.</p>
<p>■ <b>112. gr. b. Sectir og fangelsi allt að tveimur árum.</b></p> <p><input type="checkbox"/> Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:</p> <p>...</p> <p>20. <del>42</del>. mgr. 57. gr. um viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki</p> <p>...</p>	<p>-"-</p>
<p>■ <b>117. gr. a. Reglugerð ráðherra.</b></p> <p><input type="checkbox"/> Ráðherra setur reglugerð til að innleiða <a href="#">undirgerðir framseldar reglugerðir og framkvæmdarreglugerðir</a> sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir og <a href="#">varða efni laga þessara. Í slíkri reglugerð má m.a. fjalla um með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:</a></p>	<p>Í 1. mgr. 117. gr. a laga um fjármálafyrirtæki er ráðherra falið að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 145. og 146. gr. tilskipunar <a href="#">2013/36/ESB</a>. Lagt er til að framsetningu ákvæðisins verði breytt þannig að ekki verði vísað til tilskipunarinnar. Heppilegra þykir að takmarka vísanir til tilskipana í lögum</p>

1. [Nánari útfærslu orðskýringa 145. gr. um framseldar gerðir.](#)

2. [Verðlagsuppfærslu fjárhæða í ákvæðum um stofnframlag verðbréfafyrirtækja og skyldra fyrirtækja 146. gr. um framkvæmdargerðir.](#)

3. [Heimildir lána- og fjármálastofnana til að starfa yfir landamæri.](#)

4. [Upplýsingaskipti lögbærra yfirvalda.](#)

5. [Meðhöndlun áhættuþátta og könnunar- og matsferli.](#)

6. [Skil fjármálafyrirtækja sem eru kerfislega mikilvæg á alþjóðavísu á ríki-fyrir-ríki skýrslum.](#)

7. [Mat á hæfi fyrirhugaðra eigenda virkra eignarhluta í lánastofnunum.](#)

8. [Uppfærslu fjárhæða í ákvæðum um stofnframlag fjármálafyrirtækja.](#)

...

■ **117. gr. b. Reglur Seðlabanka Íslands.**

□ Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða ~~undirgerðir~~ [reglugerðir um tæknilega eftirlits- og framkvæmdarstaðla](#) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir [og varða efni laga þessara. Í slíkum reglum má m.a. fjalla um: með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:](#)

1. [Kröfur við veitingu starfsleyfis, sbr. II. kafla.](#)

2. [Upplýsingagjöf vegna starfsemi lánastofnunar í öðru aðildarríki, sbr. V. kafla.](#)

3. [Samstarfshóp eftirlitsaðila, sbr. 2. mgr. 36. gr. a og 109. gr. j.](#)

4. [Samráð lögbærra yfirvalda við mat á fyrirhugaðri öflun eða aukningu á virkum eignarhlut í lánastofnun, sbr. 2. mgr. 42. gr. a.](#)

5. [Gerninga sem eru nýttir við greiðslu kaupauka, sbr. 10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b.](#)

6. [Mat á áhættu af vaxtabreytingum, sbr. 78. gr. f og 81. gr.](#)

7. [Staðsetningu útlánaáhættuskuldbindinga, sbr. 85. gr. a.](#)

8. [Mat á því hvort fjármálafyrirtæki eða samstæður séu kerfislega mikilvægar á alþjóðavísu, sbr. 86. gr. b.](#)

9. [Upplýsingar sem lögbær yfirvöld skulu birta, sbr. 107. gr. i.](#)

10. [Eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi, sbr. 109. gr. a.](#)

11. [Sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsaðila, sbr. 109. gr. d.](#)

þar sem þær verða ekki sem slíkar hluti landsréttar heldur þau lög eða stjórnvaldsfyrirmæli sem innleiða þær. Eftir sem áður er málsgreininni ætlað að gera ráðherra kleift að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 145. og 146. gr. tilskipunarinnar.

Um innleiðingu undirgerða sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) fer skv. 2. mgr. 117. gr. a og 2. og 3. mgr. 117. gr. b laganna.

Í 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki er Seðlabanka Íslands falið að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í tilgreindum ákvæðum tilskipunar [2013/36/ESB](#). Lagt er til að framsetningu ákvæðisins verði breytt þannig að ekki verði vísað til tilskipunarinnar. Hæppilegra þykir að takmarka vísanir til tilskipana í lögum þar sem þær verða ekki sem slíkar hluti landsréttar heldur þau lög eða stjórnvaldsfyrirmæli sem innleiða þær.

Ákvæði 1. tölul. málsgreinarinnar er ætlað að gera Seðlabankanum kleift að innleiða reglugerðir um tæknilega eftirlits- og framkvæmdarstaðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 2. og 3. mgr. 8. gr. tilskipunar [2013/36/ESB](#); 2. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 5. og 6. mgr. 35. gr., 5. og 6. mgr. 36. gr. og 4. og 5. mgr. 39. gr. tilskipunarinnar; 3. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 4. og 5. mgr. 51. gr. og 4. og 5. mgr. 116. gr. tilskipunarinnar; 4. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 9. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar; 5. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 2. mgr. 94. gr. tilskipunarinnar; 6. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 5. mgr. 84. gr. og 5. mgr. a 98. gr. tilskipunarinnar; 7. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 7. mgr. 140. gr. tilskipunarinnar; 8. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 18.

12. Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, sbr. C-hluta XIII. kafla.

13. Innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum, sbr. D-hluta XIII. kafla.

- 1. 2. og 3. mgr. 8. gr. um starfsleyfi.
- 2. 9. mgr. 22. gr. um tilkynningu og mat á fyrirhuguðum yfirtökum.
- 3. 5. og 6. mgr. 35. gr. um tilkynningarskyldu og víxlverkun milli lögbærra yfirvalda.
- 4. 5. og 6. mgr. 36. gr. um upphaf starfsemi.
- 5. 4. og 5. mgr. 39. gr. um málsmeðferð við tilkynningu.
- 6. 6. og 7. mgr. 50. gr. um samstarf um eftirlit.
- 7. 4. og 5. mgr. 51. gr. um mikilvæg útibú.
- 8. 4. mgr. 77. gr. um innri aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.
- 9. 7. og 8. mgr. 78. gr. um eftirlitsviðmiðanir innri aðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.
- 10. 5. mgr. 84. gr. um vaxtaáhattu sem verður til við viðskipti önnur en veltubókarviðskipti.
- 11. 2. mgr. 94. gr. um breytilega þætti starfskjara.
- 12. 5. mgr. a 98. gr. um tæknilegar viðmiðanir fyrir eftirlitsúttekt og mat.
- 13. 5. mgr. 113. gr. um sameiginlegar ákvarðanir um varfærniskröfur er varða tiltekna stofnanir.
- 14. 4. og 5. mgr. 116. gr. um samstarfshópa eftirlitsaðila.
- 15. 4. mgr. 120. gr. um eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi.
- 16. 18. mgr. 131. gr. um kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir.
- 17. 7. mgr. 140. gr. um útreikning á hlutföllum sveiflujöfnunarauka.
- 18. 3. mgr. 143. gr. um almennar kröfur um upplýsingagjöf.

...

Lög um skortsölu og skuldtryggingar, nr. 55/2017

■ 13. gr. Stjórnvaldsfyrirmæli.

...

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. [236/2012](#):

...

h. 34. mgr. 16. gr. um nánari framkvæmd við að ákvarða hvort vegna undanþágu ef meginviðskiptavettvangur er í þriðja landi.

...

mgr. 131. gr. tilskipunarinnar; 9. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 3. mgr. 143. gr. tilskipunarinnar; 10. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 4. mgr. 120. gr. tilskipunarinnar; 11. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 5. mgr. 113. gr. tilskipunarinnar; 12. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 6. og 7. mgr. 50. gr. tilskipunarinnar; og 13. tölul.: reglugerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 4. mgr. 77. gr. og 7. og 8. mgr. 78. gr. tilskipunarinnar.

Um innleiðingu reglugerða sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) fer skv. 2. mgr. 117. gr. a og 2. og 3. mgr. 117. gr. b laganna.

Í h-lið 2. mgr. 13. gr. laga um skortsölu og skuldtryggingar, nr. [55/2017](#), er Seðlabanka Íslands heimilað að setja reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 3. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [236/2012](#) frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldtrygginga um nánari framkvæmd vegna undanþágu ef meginviðskiptavettvangur er í þriðja landi. Ákvæðið á með réttu að vísa til 4. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar um nánari framkvæmd við að ákvarða hvort meginviðskiptavettvangur er í



þriðja landi. Lagt er til að tilvísunin verði leiðrétt.

#### Lög um váttryggingasamstæður, nr. 60/2017

##### ■ 4. gr. *Umfang samstæðueftirlits.*

Þótt Fjármálaeftirlitið hefur ekki eftirlit með einstökum váttryggingafélögum utan aðildarríkja, eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi og blönduðum eignarhaldsfélögum á váttryggingasviði þótt þau falli undir samstæðueftirlit skv. 3. gr. felur það ekki í sér að Fjármálaeftirlitið fari með eftirlit með hverju og einu félagi, sbr. þó 43. gr. þegar um er að ræða eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

Þegar Fjármálaeftirlitið er eftirlitsstjórnvald samstæðu getur það ákveðið að halda félagi utan samstæðueftirlits skv. 3. gr. þegar:

- félagið er utan aðildarríkis og lagaleg hindrun til að afla nauðsynlegra upplýsinga er til staðar, sbr. þó 19. gr.,
- félagið hefur óverulega þýðingu fyrir tilgang samstæðueftirlitsins,
- það gæfi villandi mynd fyrir samstæðueftirlitið að hafa félagið með.

Þrátt fyrir að fleiri en eitt félag í váttryggingasamstæðu falli hvert fyrir sig utan samstæðueftirlits skv. b-lið 2. mgr. skulu þau vera undir samstæðueftirliti ef þau hafa samanlagt þýðingu fyrir samstæðueftirlitið.

...

#### Lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017

##### ■ 32. gr. *Innleiðing, reglugerð og reglur.*

Með hliðsjón af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2004 frá 9. júlí 2004 sem birt var 23. desember 2004 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 65 og nr. 131/2020 frá 25. september 2020 sem birt var 6. júlí 2023 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52 eru með lögum þessum tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB sem ekki hafa verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

...

Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða reglugerðir um tæknilega eftirlits- og framkvæmdarstaðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir og varða efni laga þessara. Í slíkum reglum má m.a. fjalla um:

Lagðar eru til breytingar á 1. mgr. 4. gr. laga um váttryggingasamstæður, nr. 60/2017, til að skerpa á ákvæðinu og tryggja betur samræmi við 1. mgr. 214. gr. tilskipunar 2009/138/EB. Í ákvæðinu er nú kveðið á um að Fjármálaeftirlitið fari ekki með eftirlit með þeim aðilum sem taldir eru upp í ákvæðinu þótt þeir falli undir samstæðueftirlit Fjármálaeftirlitsins. Lagt er til að kveðið verði á um að það að Fjármálaeftirlitið fari með samstæðueftirlit skv. 3. gr. laganna, sem hinir upptöldu aðilar falla undir, feli ekki sjálfkrafa í sér að það fari með eftirlit að öðru leyti með hverjum og einum þessara aðila. Mögulegt er að þeir heyri undir eftirlit annarra eftirlitsaðila þó svo að samstæðueftirlitið heyri undir Fjármálaeftirlitið. Þótt eftirlitið með hverjum og einum aðila heyri ekki undir Fjármálaeftirlitið þá fer það með eftirlit með því að ákvæði 43. gr. laganna séu uppfyllt þegar um er að ræða eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

*Um a-lið.* Í 1. mgr. 32. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017, er vísað til breytinga samkvæmt tilskipun 2011/89/ESB og sagt að þær hafi ekki enn verið teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin hefur nú verið tekin upp í samninginn. Lagt er til að vísuninni til hennar verði breytt því til samræmis.

*Um b-lið.* Í 3. mgr. 32. gr. laganna er Fjármálaeftirlitinu heimilað að setja reglur sem byggjast á tæknilegum eftirlits- og framkvæmdarstöðlum sameiginlegrar nefndar evrópsku eftirlitsstofnananna. Lagt er til að vísað verði til Seðlabanka Íslands frekar en Fjármálaeftirlitsins þar sem Fjármálaeftirlitið varð hluti Seðlabanka Íslands við gildistöku laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Þá er lagt til að ekki verði vísað til sameiginlegrar nefndar evrópsku eftirlitsstofnananna þar sem hluti tæknilegu staðlanna stafar ekki frá sameiginlegu nefnd stofnananna heldur frá stofnununum

1. [Orðskýringar, þar á meðal beitingu skilgreiningar á hlutdeild, sbr. 2. gr.](#)
2. [Ferli eða viðmið fyrir ákvörðun á viðkomandi eftirlitsstjórnvaldi, sbr. 10. tölul. 2. gr.](#)
3. [Tilgreiningu á viðmiðum fyrir auðkenningu á fjármálasamsteypu, sbr. 7. gr.](#)
4. [Beitingu útreikningsaðferða fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa og upplýsingagjöf þar um, sbr. 15. gr. og viðauka.](#)
5. [Samþjöppun áhættu, sbr. 21. gr.](#)
6. [Viðskipti innan samsteypu, sbr. 22. gr.](#)

Til að útfæra nánar ákvæði laga þessara setur Fjármálaeftirlitið reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum og eftirlitsstöðlum sameiginlegrar nefndar evrópsku eftirlitsstofnananna.

### [Lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018](#)

#### ■ 15. gr. *Stjórnvaldsfyrirmæli.*

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. [648/2012](#) um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 6. mgr. 1. gr. um undanþágur.

[2. 2. mgr. 2. gr. a um markað þriðja lands.](#)

[23.](#) 3. mgr. a 4. gr. um hvaða viðskiptaskilmálar teljist sanngjarnir, eðlilegir, án mismununar og gagnsæir.

[34.](#) 4. og 5. mgr. 6. gr. a um frestun á stöðustofnunarskyldu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. [648/2012](#) og frestun viðskiptaskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [600/2014](#) um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. [648/2012](#), sbr. 3. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. [115/2021](#).

[5. 2. mgr. 13. gr. um fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands.](#)

[46.](#) 7. mgr. 64. gr. um málsmeðferð að því er varðar eftirlitsráðstafanir og beitingu sekta.

[57.](#) 70. gr. um breytingar á II. viðauka um skrá yfir stuðla í tengslum við íþyngjandi og mildandi þætti vegna beitingar 3. mgr. 65. gr.

[68.](#) 3. mgr. 72. gr. um eftirlitsgjöld.

[79.](#) 1. mgr. 75. gr. um jafngildi og alþjóðasamninga.

[810.](#) 2. mgr. 76 gr. a um gagnkvæman aðgang að gögnum.

[911.](#) 2. mgr. 85. gr. um framlengingu á þriggja ára tímabilinu sem fjallað er um í 89. gr.

□ Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. [648/2012](#) um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 4. mgr. 4. gr. um stöðustofnunarskyldu.

2. 2. og 4. mgr. 5. gr. um tilhögun stöðustofnunarskyldu.

3. 4. mgr. 6. gr. um opinbera skrá.

sjálfum. Breyttri málsgrein er ætlað að gera Seðlabankanum kleift að innleiða alla tæknilega eftirlits- og framkvæmdarstaðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í tilskipun [2002/87/EB](#), nánar tiltekið í 21. gr. a tilskipunarinnar.

Lagt er til að tveimur tölulíðum verði bætt við 1. mgr. 15. gr. laga um um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. [15/2018](#), til að gera ráðherra kleift að innleiða með reglugerð framkvæmdarreglugerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 2. mgr. 2. gr. a og 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. [648/2012](#). Slíkar framkvæmdarreglugerðir snúa að því hvort laga- og eftirlitsrammi í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins teljist fullnægjandi.

Jafnframt er lagt til að einum tölulíð verði bætt við 2. mgr. sömu greinar til að gera Seðlabanka Íslands kleift að innleiða með reglum tæknilega eftirlitsstaðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 5. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. [648/2012](#). Slíkir staðlar snúa að fjármunum sem miðlægir mótaðilar þurfa að viðhalda til að mæta vanskilum.

4. 5. mgr. 8. gr. um aðgang að viðskiptavettvangi.  
 5. 5. og 6. mgr. 9. gr. um skyldu um skýrslugjöf.  
 6. 4. mgr. 10. gr. um ófjárhagslega mótaðila.  
 7. 14. og 15. mgr. 11. gr. um aðferðir til að draga úr áhættu OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila.

8. 3. mgr. 16. gr. um eiginfjárkröfur.

9. 6. mgr. 18. gr. um fagráð.

10. 6. mgr. 25. gr. er lýtur að jafngildi lagalegra krafna og eftirlits í þriðju löndum.

11. 8. mgr. 25. gr. er lýtur að upplýsingum sem miðlægur mótaðili í þriðja landi skal tilgreina í umsókn um viðurkenningu.

12. 9. mgr. 26. gr. er lýtur að skipulagskröfum.

13. 4. og 5. mgr. 29. gr. um skráahald.

14. 3. mgr. 34. gr. um samfellu í viðskiptum.

15. 5. mgr. 41. gr. um kröfur um tryggingar.

16. 5. mgr. 42. gr. um vanskilasjóð.

17. 2. mgr. 44. gr. um eftirlit með lausafjárahættu.

18. 5. mgr. 45. gr. um aðferðafræðina við útreikning og viðhald fjárhæðar eigin fjár sem miðlægir mótaðilar þurfa að nota.

~~198.~~ 3. mgr. 46. gr. um kröfur um tryggingar.

~~1920.~~ 8. mgr. 47. gr. um fjárfestingarstefnu.

~~210.~~ 4. mgr. 49. gr. um endurskoðun líkana, álagsprófun og afturvirka prófun.

~~221.~~ 4. mgr. 50. gr. a um útreikning á áætluðu fjármagni.

~~232.~~ 3. mgr. 50. gr. c um skýrslugjöf með upplýsingum.

~~243.~~ 3. og 4. mgr. 56. gr. um umsókn um skráningu.

~~254.~~ 10. mgr. 78. gr. er lýtur að verklagi við afstemmingar á gögnum milli afleiðuviðskiptaskráa og verklagi afleiðuviðskiptaskráa við mat á því hvort kröfur um skýrslugjöf séu uppfylltar og til að sannreyna heilleika og réttleika tilkynnta gagna.

~~265.~~ 5. mgr. 81. gr. um gagnsæi og tiltækileika gagna.

### Lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020

#### ■ 3. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

...

— ~~33. Stofnframlag: Stofnframlag samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.~~

...

37. Virkur eignarhlutur: Bein eða óbein hlutdeild í rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti eða sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi rekstraraðila. ~~Virkur eignarhlutur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.~~

...

*Um a-lið.* Lagt er til að skilgreining á *stofnframlagi* í 33. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, sem vísar til skilgreiningar laga um fjármálafyrirtæki, falli brott. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um stofnframlög lánastofnana eiga ekki fullum fetum við um sérhæfða sjóði og rekstraraðila þeirra. Í stað skilgreiningarinnar í 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er lagt til að ákvæði um hvað megi telja til stofnframlags sérhæfðra sjóða og rekstraraðila þeirra verði bætt við 15. gr. laganna, sbr. 40. gr. frumvarpsins.

*Um b-lið.* Lagt er til að í stað þess að vísa til laga um fjármálafyrirtæki í skilgreiningu á virkum eignarhlut í 37. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða verði tekið upp meginefni skilgreiningar ah-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar [2011/61/ESB](#) á hugtakinu. Þar er *virkur eignarhlutur* skilgreindur sem beinn eða óbeinn eignarhlutur í rekstraraðila sérhæfðs sjóðs sem nemur 10% eða meira af hlutfé eða atkvæðisrétti, í samræmi við 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2004/109/EB](#) frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun [2001/34/EB](#), að teknu tilliti til skilyrða um samlagningu eignarhlutarins sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr., eða annað sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun rekstraraðila sérhæfðs sjóðs sem eignarhluturinn er í. Tilvitnuð ákvæði í tilskipun [2004/109/EB](#) voru innleidd hér á landi með 12., 13., 27. og 28. gr. í III. kafla laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. [20/2021](#). Skv. 3. mgr. 16. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða gilda ákvæði A-hluta VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki um virka eignarhluti í rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, eftir því við getur átt. Í 2. málsl. 2. mgr. 40. gr. í A-hluta VI. kafla laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að við mat á því hvort hlutdeild feli í sér virkan eignarhlut skuli atkvæðisréttur ákvarðaður til samræmis við III. kafla laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, eftir því sem við getur átt. Vísun ah-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar [2011/61/ESB](#) til 9. og 10. gr. og 4. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar [2004/109/EB](#) á því nú þegar við um hlutdeild í rekstraraðila sérhæfðra sjóða skv. 3. mgr. 16. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Af þeim sökum er hún ekki tekin upp í skilgreininguna í frumvarpinu heldur er látið nægja að taka aðalatriðin þar upp.

■ **15. gr. Stofnframlag og eiginfjárgrunnur.**

Stofnframlag og eiginfjárgrunnur sérhæfðs sjóðs sem rekur sig sjálfur skal að lágmarki nema jafnvirði 300 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Stofnframlag og eiginfjárgrunnur annarra rekstraraðila en skv. 1. mgr. skal að lágmarki nema jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum.

Til stofnframlags samkvæmt þessari grein má telja liði skv. a–c- og e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar

*Um a-lið.* Lagt er til að efni skilgreiningar s-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar [2011/61/ESB](#) á stofnfé verði tekið upp í nýja 3. mgr. í 15. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, en sú grein fjallar um stofnframlag og eiginfjárgrunn sérhæfðra sjóða og rekstraraðila þeirra. Í skilgreiningunni í tilskipuninni segir að með stofnfé sé átt við fjármagn eins og um getur í a- og b-lið 1. mgr. 57. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2006/48/EB](#) frá 14. júní 2006 um stofnun og

[Evrópuþingsins og ráðsins \(ESB\) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.](#)

Fari heildareignir sérhæfðra sjóða í rekstri rekstraraðila yfir jafnvirði 250 milljóna evra í íslenskum krónum skal rekstraraðili hafa til staðar viðbótarfjárhæð eiginfjárgrunns. Viðbótarfjárhæðina skal reikna sem 0,02% af þeirri upphæð sem fer yfir jafnvirði 250 milljóna evra í íslenskum krónum en samanlögð upphæð stofnframlags og viðbótarfjárhæðar eiginfjárgrunns skal að hámarki nema jafnvirði 10 milljóna evra í íslenskum krónum.

Sérhæfðir sjóðir teljast í rekstri rekstraraðila skv. 34. mgr. Þótt rekstraraðili hafi útvistað verkefni vegna þeirra í samræmi við 29.–31. gr. en til þeirra teljast ekki sjóðir sem rekstraraðili sér um eignastýringu fyrir samkvæmt útivistunarsamningi.

Þrátt fyrir 34. mgr. skal eiginfjárgrunnur rekstraraðila aldrei vera lægri en sem nemur reiknaðri fjárhæð skv. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Rekstraraðili skal annaðhvort hafa til staðar eiginfjárgrunnsálag eða starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar rekstraraðila.

Eiginfjárgrunn, þ.m.t. eiginfjárgrunnsálag, skal fjárfesta í auðseljanlegum eignum eða eignum sem má hæglega skipta í reiðufé á skömmum tíma. Til slíkra eigna teljast ekki stöður sem byggjast á spákaupmennsku.

Að undanskildum 67. og 78. mgr. á ákvæði þetta ekki við um rekstraraðila sem jafnframt eru rekstrarfélög verðbréfasjóða. Hafi rekstraraðili viðbótarstarfsheimildir skv. 3. mgr. 9. gr. gilda þó um starfsemi hans ákvæði um áhættugrunn skv. 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Ráðherra setur reglugerð með nánari reglum um eiginfjárgrunnsálag og starfsábyrgðartryggingu rekstraraðila sérhæfðs sjóðs.

■ 16. gr. *Virkur eignarhlutur.*

Aðili sem hyggst einn sér eða í samstarfi við aðra eignast virkan eignarhlut í rekstraraðila skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 33% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að rekstraraðili verði talið dótturfélagyrirtæki hans.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um eiganda virks eignarhlutar sem hyggst draga svo úr hlutfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut. Í tilkynningu skal koma fram hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33% eða 50% eða svo mikið að rekstraraðili hættir að vera

rekstur lánastofnana. Tilskipun 2006/48/EB var felld brott með tilskipun 2013/36/ESB. Ákvæði sem svara til a- og b-liðar 1. mgr. 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB eru nú í a–c- og e-lið 1. mgr. 26. gr. og b-, c-, i- og j-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Með nokkurri einföldun fellur þar undir hlutfé, yfirverðsreikningur hlutfjár, varasjóðir og óráðstafað eigið fé.

*Um b- og c-lið.* Lagt er til að vísunum milli málsgreina í greininni verði breytt til að taka mið af nýrri 3. mgr.

Í 16. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er hugtakið *dótturfyrirtæki* notað en annars staðar í lögunum er rætt um *dótturfélag*, þar á meðal í skilgreiningu á hugtakinu í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Til að gæta samræmis er lagt til að „dótturfyrirtæki“ í 16. gr. verði breytt í „dótturfélag“.

dótturfélagafyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutfjárauðningar.

...

■ **93. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum.**

...

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af hópi tengdra viðskiptavinnamanna í skilningi [39. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins \(ESB\) nr. 575/2013, sbr. lög laga](#) um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins. Um skyldu rekstraraðila til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

...

#### [Lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020](#)

■ **19. gr. Málsmeðferð á samstæðugrunni.**

...

Ef ekki næst sameiginleg ákvörðun varðandi lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sbr. 1. og 4. mgr., er skilavaldinu heimilt að vísa máli til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, til að ná fram endanlegri ákvörðun varðandi lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Slíku máli skal vísað til Eftirlitsstofnunar EFTA innan fjögurra mánaða frá því að sameiginleg ákvörðun átti að liggja fyrir. Þó er ekki hægt að vísa máli til Eftirlitsstofnunar EFTA ef munur á ákvörðun þess og ákvörðun annarra skilastjórnvalda er innan við ~~eitt~~ **tvö** prósentustig.

...

■ **57. gr. Heimild til að undanskilja eftirgefanlegar skuldbindingar.**

Þegar fyrir liggur ákvörðun um að undanskilja í heild eða að hluta eftirgefanlegar skuldbindingar eða flokka þeirra skv. 2. mgr. 56. gr. er heimilt að auka hlutfallslega eftirgjöf annarra eftirgefanlegra skuldbindinga til að mæta áhrifum undanþágunnar. Engin eftirgefanleg skuldbinding skal þó sæta meiri niðurfærslu en orðið hefði ef fyrirtækið eða einingin hefði verið tekin til slitameðferðar eða gjaldprotaskipta.

Þegar ákveðið er að undanskilja í heild eða að hluta eftirgefanlegar skuldbindingar eða flokka þeirra eftirgjöf skv. 2. mgr. 56. gr. og fjárhæð eftirgjafar sem þessar skuldbindingar hefðu annars sætt er ekki jafnað yfir á

Í 5. mgr. 93. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er vísað til hóps tengdra viðskiptamanna í skilningi laga um fjármálafyrirtæki. Hugtakið *hópur tengdra viðskiptavina* er ekki skilgreint í meginmáli laga um fjármálafyrirtæki heldur í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) sem hefur lagagildi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Til að auðvelda lesendum að finna skýringu á hugtakinu er lagt til að vísun til viðkomandi ákvæðis í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) verði bætt við 5. mgr. 93. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2019/879](#) frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun [2014/59/ESB](#) að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun [98/26/EB](#) var mörkum þess hvenær ekki væri hægt að vísa máli til Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt tilskipun [2014/59/ESB](#) breytt úr 1% í 2%. Breytingunni á 5. mgr. 19. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. [70/2020](#), er ætlað að endurspeglar þá breytingu.

Málsgreinin er innleiðing á 8. mgr. 44. gr. tilskipunar [2014/59/ESB](#) þar sem mælt er fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að heimilt sé að leggja til fjárframlag úr skilasjóði.

aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar í samræmi við 1. mgr. er heimilt að leggja til fjárframlag til fyrirtækis eða einingar í skilameðferð úr skilasjóði til að ná öðru hvoru eða báðum eftirfarandi markmiðum:

1. Bæta þá fjárhæð sem ekki er jafnað yfir á aðrar eftirgefanlegar skuldbindingar að því marki að eiginfjárstaða viðkomandi fyrirtækis eða einingar í skilameðferð standi á núlli, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 55. gr.

2. Kaupa eignarhluti eða fjármagnsgerninga útgefna af fyrirtæki eða einingu í skilameðferð í þeim tilgangi að endurfjármagna það, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 55. gr.

Einungis er heimilt að leggja til fjárframlag skv. 2. mgr. úr skilasjóði þegar:

1. félagsaðilar, eigendur fjármagnsgerninga og eigendur eftirgefanlegra skuldbindinga hafa með eftirgjöf eða öðrum hætti lagt fyrirtæki eða einingu í skilameðferð til a.m.k. 8% af heildarskuldbindingum þess, þ.m.t. eigið fé, eins og þær eru metnar skv. VII. kafla við beitingu skilaaðgerða, og

2. fjárframlag skilasjóðs fer ekki umfram 5% af heildarskuldbindingum fyrirtækis eða einingar í skilameðferð, þ.m.t. eigið fé, eins og þær eru metnar skv. VII. kafla við beitingu skilaaðgerða.

Einnig er heimilt, þrátt fyrir 3. mgr., að leggja til fjárframlag skv. 2. mgr. úr skilasjóði þegar:

1. framlagið til að mæta tapi og endurfjármögnun, sem um getur í 1. tölul. 3. mgr., samsvarar fjárhæð sem ekki er lægri en 20% af áhættuvegnum eignum fyrirtækisins eða einingarinnar í skilameðferð,

2. skilasjóður hefur á að skipa fjárhæð vegna fyrirframgreiddra framlaga sem samsvarar a.m.k. 3% tryggðra innstæðna allra lánastofnana sem hafa starfsleyfi hér á landi,

3. eignir fyrirtækisins eða einingarinnar í skilameðferð á samstæðugrunni eru minni en jafnvirði 900 milljarða evra á samstæðugrunni.

...

■ **87. gr. Ráðstöfun fjár úr skilasjóði.**

Skilavaldið getur notað fjármuni úr skilasjóði ef nauðsyn krefur til að tryggja skilvirka beitingu skilauðræða í samræmi við lög þessi. Ráðstafa má fé úr skilasjóði til að:

...

7. greiða fyrirtæki eða einingu í skilameðferð fjárframlag í samræmi við ~~56.~~ mgr. 57. gr., eða

...

Lögð er til breyting á vísun til 57. gr. laganna til samræmis við fyrirhugaða breytingu á þeirri grein í 44. gr. frumvarpsins.

### Lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021

■ **4. gr.** Eftirlit með innherjaupplýsingum og viðskiptum stjórnenda.

Stjórn útgefanda fjármálagerninga skv. a–c-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. [596/2014](#) skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með að ákvæðum laga þessara um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda sé framfylgt innan útgefandans. Honum ber að leggja fyrir stjórn útgefanda skýrslu um framkvæmd regluvörslu svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglum Seðlabanka Íslands um [hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskiptameðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda](#) eftir því sem við getur átt.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta sem fara fram á grundvelli reglnanna.

■ **19. gr.** Reglugerðar- og regluheimild.

...

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. [596/2014](#) um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

...

4. 7. og 13. mgr. 13. gr. um viðurkennda markaðsframkvæmd.

...

7. 6. og 9. mgr. 18. gr. um innherjalista.

...

Seðlabanka Íslands er skv. 3. mgr. 4. gr. laga um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021, heimilt að setja reglur um hlutverk og stöðu regluvarðar og skráningu samskipta. Í 2. mgr. greinarinnar á að vera árétting á því að stjórnvöld og aðrir aðilar sem fá reglulega innherjaupplýsingar í starfsemi sinni skulu fylgja reglunum eftir því sem við getur átt. Fyrir mistök er þó vísað til reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti stjórnenda. Lagt er til að tilvísunin verði leiðrétt.

Í 2. mgr. 19. gr. laga um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. [60/2021](#), er Seðlabanka Íslands heimilað að innleiða með reglum undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í tilgreindum ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [596/2014](#) frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2003/6/EB](#) og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar [2003/124/EB](#), [2003/125/EB](#) og [2004/72/EB](#). Lagt er til að bætt verði við málsgreinina heimildum til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkir með stoð í 13. mgr. 13. gr. og 6. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar. Heimildunum var bætt við reglugerðina með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2019/2115](#) frá 27. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun [2014/65/ESB](#) og reglugerðum (ESB) nr. [596/2014](#) og (ESB) [2017/1129](#) að því er varðar að stuðla að notkun vaxtarmarkaða lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Breytingum á reglugerð (ESB) nr. [596/2014](#) með reglugerð (ESB) [2019/2115](#) var veitt lagagildi með lögum um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði, nr. [50/2022](#), en fyrir fórst að breyta samhliða heimildum Seðlabankans til að innleiða undirgerðir.



### Lög um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021

#### ■ 5. gr. Virkur eignarhlutur.

Aðili sem hyggst eignast, einn eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í greiðslustofnun í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur fari yfir 20%, 30% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að greiðslustofnun verði talin dótturfélagyrirtæki hans.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig um eiganda virks eignarhlutar sem hyggst draga svo úr hlutafjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut. Í tilkynningu skal koma fram hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða svo mikið að greiðslustofnunin hættir að vera dótturfélagyrirtæki hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjár- eða stofnfjárauðningar.

...

Í 5. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. [114/2021](#), er hugtakið *dótturfyrirtæki* notað en í 2. gr. laganna, og almennt í annarri löggjöf á fjármálamarkaði, er rætt um *dótturfélag*. Til að gæta samræmis er lagt til að „dótturfyrirtæki“ í 5. gr. laganna verði breytt í „dótturfélag“.

### Lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021

#### ■ 10. gr. Stjórn og framkvæmdastjóri.

Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis fer eftir ákvæðum 52. gr. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. [161/2002](#), og í tilviki kerfislega mikilvægs verðbréfafyrirtækis, 52. gr. **fe** sömu laga.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað stjórnarmanni í kerfislega mikilvægu verðbréfafyrirtæki að sitja í stjórn eins annars eftirlitsskylds aðila þrátt fyrir ákvæði 52. gr. **fe** laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa ESMA reglulega um slíkar heimildir.

...

Greinarnar leiðréttá vísanir í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. [115/2021](#), til laga um fjármálafyrirtæki, nr. [161/2002](#), m.a. til að taka mið af breytingum sem urðu á síðarnefndu lögnum með breytingalögum nr. [38/2022](#).

#### ■ 20. gr. Stofnframlag.

Fjármálaeftirlitið skal ekki veita starfsleyfi nema verðbréfafyrirtæki hafi nægilegt stofnframlag skv. ~~14. gr. og~~ 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. [161/2002](#), að teknu tilliti til þeirrar fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sem starfsleyfið tekur til.

-"-

#### ■ 37. gr. Kaupaukakerfi og starfslokasamningar verðbréfafyrirtækja.

...

Um kaupaukakerfi og starfslokasamninga verðbréfafyrirtækja sem teljast til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer að öðru leyti skv. C-hluta VII. kafla þeirra laga~~57. gr.~~

-"-

a og 57. gr. b, sbr. 4. mgr. 25. gr., laga um fjármálafyrirtæki.

...

■ **40. gr. Verðbréfaréttindi.**

Starfsmenn verðbréfafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi eða veita fjárfestingarráðgjöf, skulu hafa verðbréfaréttindi.

Ráðherra veitir verðbréfaréttindi. Til þess að öðlast slík réttindi þarf að standast sérstakt próf, sbr. 41. gr., og heldur ráðuneytið skrá yfir þá sem hafa réttindin. Aðeins þeim sem eru á skránni er heimilt að vísa til eða gefa á annan hátt til kynna að þeir hafi verðbréfaréttindi.

Í tengslum við veitingu starfsleyfis sem verðbréfafyrirtæki ber verðbréfafyrirtæki að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn skv. 1. mgr. Verðbréfafyrirtæki ber að halda uppfærðan lista yfir þá starfsmenn. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita allt að sex mánaðaárs frest fyrir nýja starfsmenn verðbréfafyrirtækis til að öðlast verðbréfaréttindi og þá sem þurfa vegna breytinga í starfi að hafa verðbréfaréttindi, t.d. vegna stöðuhækkunar, ef sérstakar ástæður mæla með því. Sótt skal um slíka undanþágu til Fjármálaeftirlitsins. Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

...

■ **69. gr. Skilyrði heimildar til stofnunar útibús.**

...

Auk framangreinds þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

...

4. Útibúið skal hafa fjármuni til skilyrðislausar ráðstöfunar á bankareikningi héraðs sem nema a.m.k. stofnframlagi verðbréfafyrirtækja skv. 2., 3. og 45. mgr. 14. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

...

**Lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021**

■ **3. gr. Orðskýringar.**

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

...

— 23. Stofnframlag: Stofnframlag samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

...

27. Virkur eignarhlutur: Bein eða óbein hlutdeild í rekstrarfélagi verðbréfasjóða sem nemur 10% eða meira af hlutfé eða atkvæðisrétti eða sem gerir kleift að hafa

Í 40. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga kemur fram að starfsmenn verðbréfafyrirtækis sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi eða veita fjárfestingarráðgjöf skuli hafa verðbréfaréttindi. Til þess að öðlast réttindin þarf að standast próf. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að veita allt að sex mánaða frest fyrir nýja starfsmenn verðbréfafyrirtækis til að öðlast verðbréfaréttindi og þá sem þurfa vegna breytinga í starfi að hafa verðbréfaréttindi, t.d. vegna stöðuhækkunar, ef sérstakar ástæður mæla með því. Skv. 1. mgr. 41. gr. laganna skal verðbréfaréttindapróf að jafnaði haldið einu sinni á ári.

Fjármálafyrirtæki hafa gagnrýnt að Fjármálaeftirlitið geti aðeins veitt sex mánaða frest til að öðlast verðbréfaréttindi þótt að lengri tími geti liðið milli prófa til að öðlast verðbréfaréttindi. Til að koma til móts við gagnrýnina er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að veita allt að árs frest til að öðlast verðbréfaréttindi.

Greinarnar leiðrétta vísanir í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, til laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, m.a. til að taka mið af breytingum sem urðu á síðarnefndu lögnum með breytingalögum nr. 38/2022.

*Um a-lið.* Lagt er lagt til að skilgreining á *stofnframlagi* í 23. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, sem vísar til skilgreiningar laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, falli brott. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um stofnframlög lánastofnana eiga ekki fullum fetum við um rekstrarfélög verðbréfasjóða. Í stað skilgreiningarinnar í 3. gr. laga um verðbréfasjóði er lagt til að ákvæði um hvað megi telja til stofnframlags rekstrarfélaga verðbréfasjóða verði bætt við 12. gr. laganna.

[veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi rekstrarfélagsVirkur eignarhlutur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.](#)

...

Um nánari skýringar vísast til skýringa við 55. gr. frumvarpsins.

*Um b-lið.* Lagt er til að í stað þess að vísa til laga um fjármálafyrirtæki í skilgreiningu á *virikum eignarhlut* í 27. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um verðbréfasjóði verði tekið upp efni skilgreiningar j-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar [2009/65/EB](#) á hugtakinu. Þar er hann skilgreindur sem bein eða óbein eignarhlutdeild í rekstrarfélagi sem nemur 10% eða meira af höfuðstól eða atkvæðisrétti eða gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun rekstrarfélagsins sem eignarhlutdeildin er í.

■ **12. gr. Stofnframlag og eiginfjárgrunnur.**

☐ Stofnframlag og eiginfjárgrunnur rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal að lágmarki nema jafnvirði 125 þúsunda evra í íslenskum krónum, miðað við opinbert viðmiðunargengi, kaupgengi, eins og það er skráð hverju sinni. [Til stofnframlags má telja liði skv. a–c- og e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins \(ESB\) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki.](#)

...

Lagt er til að efni skilgreiningar k-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar [2009/65/EB](#) á *stofnfé* verði tekið upp í nýjan málslið 1. mgr. 12. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. [116/2021](#), en sú grein fjallar um stofnframlag og eiginfjárgrunn rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Í skilgreiningunni í tilskipuninni segir að með stofnfé sé átt við fjármagn samkvæmt skilgreiningu í a- og b-lið 57. gr. tilskipunar [2006/48/EB](#). Tilskipun [2006/48/EB](#) var felld brott með tilskipun [2013/36/ESB](#). Ákvæði sem svara til a- og b-liðar 1. mgr. 57. gr. tilskipunar [2006/48/EB](#) eru nú í a–c- og e-lið 1. mgr. 26. gr. og b-, c-, i- og j-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#). Með nokkurri einföldun fellur þar undir hlutafé, yfirverðsreikningur hlutafjár, varasjóðir og óráðstafað eigið fé.

[Lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. 25/2023](#)

■ **8. gr. Reglugerðar- og regluheimild.**

...

☐ Seðlabanki Íslands skal setja reglur um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) [2019/2088](#) um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

[1. 3. mgr. 2. gr. a um efni og framsetningu upplýsinga í tengslum við meginregluna um að „valda ekki umtalsverðu tjóni“.](#)

[2. 6. mgr. 4. gr. um efni, aðferðir og framsetningu upplýsinga sem um getur í 1.–5. mgr. sömu greinar að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð áhrif á loftslagið og önnur umhverfistengd neikvæð áhrif.](#)

[3. 7. mgr. 4. gr. um efni, aðferðir og framsetningu upplýsinga sem um getur í 1.–5. mgr. sömu greinar að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð áhrif á sviði félagslegra og starfsmannatengdra málefna,](#)

Í 2. mgr. 8. gr. laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, nr. [25/2023](#), er Seðlabanka Íslands falið að setja reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í tilgreindum ákvæðum í reglugerð (ESB) [2019/2088](#). Í upptalningu málsgreinarinnar vantar vísun til ákvæða sem var bætt við reglugerð (ESB) [2019/2088](#) með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2020/852](#) frá 18. júní 2020 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) [2019/2088](#). Lagt er til að þeim verði bætt við málsgreinina.

virðingu fyrir mannréttindum og málefnum sem tengjast baráttunni gegn spillingu og mútum.

34. 3. mgr. 8. gr. um atriði er varða framsetningu og innihald upplýsinga sem verða birtar samkvæmt sömu grein.

5. 4. mgr. 8. gr. um efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. a sömu greinar.

46. 5. mgr. 9. gr. um atriði er varða framsetningu og innihald upplýsinga sem verða birtar samkvæmt sömu grein.

67. 6. mgr. 9. gr. um efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 4. mgr. a sömu greinar.

58. 2. mgr. 10. gr. um efni upplýsinga sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. sömu greinar og kröfur um framsetningu sem um getur í annarri undirgrein þeirrar málsgreinar.

69. 4. mgr. 11. gr. um atriði er varða efni og framsetningu upplýsinga sem um getur í 1. mgr. sömu greinar.

610. 5. mgr. 11. gr. um efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. sömu greinar.

711. 2. mgr. 13. gr. um staðlaða framsetningu á upplýsingum um eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar.

...